

Skammstafanir.

- A. = A-deild Alþingistiðinda = þingskjölin.
afgr. = afgreitt.
Alþ. = Alþingi.
alþm. = alþingismaður.
Alþt. = Alþingistiðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvgr. = atkvæðagreiðsla.
brtt. = breytingartillaga.
Ed. = efri deild.
e. hlj. = einu hljóði.
flutnm. eða flm. = flutningsmaður.
frasm. eða frsm. = framsögumaður.
frv. = frumvarp.
gr. = grein.
hv. eða háttv. = háttvirtur.
hæstv. = hæstvirtur.
kgk. = konungkjörinn.
l. = lög.
lagafrv. = lagafrumvarp.
n. eða nál. = nefndarálit.
Nd. = neðri deild.
ráðh. = ráðherra.
samþ. = samþykkt.
skrif. = skrifari.
stafl. = staflidur.
Sp. = sameinað þing.
till. = tillaga.
tölul. = tölulidur.
umr. = umræða.
þgskj. = þingskjál.
þingd. eða þd. = þingdeild.
þingdm. = þingdeildarmaður.
þingsál. = þingsályktun.
þm. = þingmaður.
þm. Ak. = þingmaður Akureyringa.
þm. Árn. = þingmaður Árnesinga.
þm. A.-Sk. = þingmaður Austur-Skaftfellinga.
þm. Barð. = þingmaður Barðstrendinga.
þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.
þm. Dal. = þingmaður Dalamanna.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.
þm. Húnv. = þingmaður Húnavetninga.
þm. Ísaf. = þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar.
þm. Mýra. = þingmaður Mýramanna.
þm. N.-Ísf. = þingmaður Norður-Ísfirðinga.
þm. N.-M. = þingmaður Norðmýlinga.
þm. N.-Þ. = þingmaður Norður-Þingeyinga.
þm. Rang. = þingmaður Rangæinga.
þm. Reykv. = þingmaður Reykvíkinga.
þm. Seyðf. = þingmaður Seyðfirðinga.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. Stranda. = þingmaður Strandumanna.
þm. S.-M. = þingmaður Sunnmýlinga.
þm. S.-Þ. = þingmaður Suður-Þingeyinga.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaeyinga.
þm. V.-Ísf. = þingmaður Vestur-Ísfirðinga.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaftfellinga.
B. H. = Björn Hallsson, 1. þm. Norðmýlinga.
B. J. = Bjarni Jónsson, þm. Dalamanna.
B. K. = Björn Kristjánsson, 1. þm. Gullbringu og Kjósarsýslu.
B. S. = Benedikt Sveinsson, þm. Norður-Þingeyinga.
B. Þ. = Björn Þorláksson, 4. kgk. þm.
E. A. = Einar Arnórsson, 2. þm. Árnesinga.

- E. B. = Eiríkur Briem, 1. kgk. þm.
 E. J. = Einar Jónsson, 1. þm. Rangæinga.
 E. P. = Eggert Pálsson, 2. þm. Rangæinga.
 G. B. = Guðmundur Björnson, 5. kgk. þm.
 G. E. = Guðm. Eggerz, 2. þm. Sunnmýlinga.
 G. H. = Guðmundur Hannesson, 1. þm. Húnavetninga.
 G. Ó. = Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.
 H. H. = Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf.
 H. K. = Hákon Kristófersson, þm. Barð.
 H. S. = Hjörtur Snorrason, þm. Borgf.
 J. B. = Jósef Björnsson, 2. þm. Skagf.
 J. E. = Jóhann Eyjólfsson, þm. Mýramanna.
 J. J. = Jón Jónsson, 2. þm. Norðmýlinga.
 J. M. = Jón Magnússon, 2. þm. Reykv.
 J. Þ. = Jón Þorkelsson, 6. kgk. þm.
 K. D. = Kristinn Dantelsson, 2. þm. G.-K.
 K. E. = Karl Einarsson, þm. Vestm.
 K. F. = Karl Finnbogason, þm. Seyðf.
 M. K. = Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
 M. Ó. = Matthias Ólafsson, þm. Vestur-Ísf.
 M. P. = Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
 Ó. B. = Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
 P. J. = Pjetur Jónsson, þm. Suður-Þing.
 S. B. = Sveinn Björnsson, 1. þm. Reykv.
 S. E. = Sigurður Eggerz, þm. Vestur-Skaftfellinga.
 S. G. = Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.
 S. S. = Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
 S. St. = Sigurður Stefánsson, þm. Ísaf.
 Sk. Th. = Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísafirðinga.
 St. St. Eyf. = Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyfirðinga.
 St. St. = Stefán Stefánsson, 3. kgk. þm.
 Stgr. J. = Steingrímur Jónsson, 2. kgk. þm.
 Þ. B. = Þórarinn Benediktsson, 1. þm. Sunnmýlinga.
 Þ. J. = Þorleifur Jónsson, þm. Austur-Skaftfellinga.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

Alþingi 1915.

Þingsetning.

Ar 1915, miðvikudaginn 7. júlí, var tuttugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 12 á hádegi og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Eggert prestur Pálsson, 2. þm. Rangæinga, steig í stólinn og lagði út af Kol. 3.

Ur kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar. Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis stóð upp ráðherra Einar Arnórsson og las upp umboð konungs til þess að setja Alþingi, svo hljóðandi:

Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg.

Vjer viljum hjermeð veita yður sem ráðherra vorum fyrir Vort land Ísland umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi það, er koma á saman til reglulegs fundar miðvikudaginn 7. júlí næstkomandi.

Ritað á Amaltuborg 15. júní 1915.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Arnórsson.

Til herra Einars Arnórssonar, Vors ráðherra fyrir Ísland.

Siðan fórust *ráðherra* svo orð:

Samkvæmt því valdi, sem mjer er þannig gefið, vil jeg hjermeð leyfa mjer að lýsa yfir því í nafni Hans hátignar, konungsins,

að Alþingi Íslendinga er sett.

Eins og siður hefir verið áður, þá er stjórnarskipunarlæg Íslands hafa verið staðfest, hefir nú og Hans hátign konungurinn sent Íslendingum kveðju, eða boðskap í þetta sinn, sem jeg skal nú leyfa mjer að lesa upp, og svo hljóðar:

Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg.

Vora konunglega kveðju!

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðherra Íslands, höfum Vjer í dag staðfest stjórnarskipunarlæg Íslands. Með tveim konungsúrskurðum höfum Vjer jafnframt ákveðið, að íslensk lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skuli framvegis, eins og hingað til, bera upp fyrir Oss í ríkisráðinu, og auk þess ákveðið gjörð hins sierstaka íslenska fána, sem

með konungsúrskurði 22. nóvbr. 1913 var löggitur hvarvetna á Íslandi og á íslenskum skipum í landhelgi Íslands, þó að því við bættu, að það væri vilji Vor, að rjettur manna til að draga upp Dannebrogsfánann, eins og að undanfögnu, sje óskertur, og að á húsi eða lóð stjórnarráðs Íslands sje jafnframt dreginn, upp hinn klofni Dannebrogsfáni á ekki óveglegri stað nje rýrari að stærð.

Það er von Vor, að þjer, vorir kærur og trúu þegnar á Íslandi, síáið á þessu, að það er vilji Vor, að verða við óskum yðar um framgang þeirra mála, er þjer hafid lagt svo mikla áherslu á, og hafa í því efni ráðið hjá Oss heitustu óskir Vorar um að tryggja góða sambúð milli Íslands og Danmerkur.

Um leið og Vjer þá sendum öllum Íslendingum Vora konunglegu kveðju og þar með heitustu óskir Vorar um heillaríka framtíð Íslands, viljum Vjer láta þá von Vora í ljós, að staðfesting hinna nýju stjórnskipunarlagu verði grundvöllurinn undir friðsamlegu og heillaríku starfi til eflingar hinum efnalegu og andlegu kröftum í landinu.

Ritað á Amaliuborg 19. júní 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Bodskapur konungs til Íslendinga.

Stóð þá upp Sigurður Stefánsson, þm. Ísafjarðarkaupstaðar, og mælti:

Lengi lífi konungur vor, Kristján hinn Tíundi!

Tóku þingmenn undir það með níföldu húrri. —

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A.

Konungkjörnir þingmenn:

1. Eiríkur Briem, 1. kgk. þm.,
2. Steingrímur Jónsson, 2. kgk. þm.
3. Stefán Stefánsson, 3. kgk. þm.,
4. Björn Þorláksson, 4. kgk. þm.,
5. Guðmundur Björnson, 5. kgk. þm.,
6. Jón Þorkelsson, 6. kgk. þm.

B.

Þjóðkjörnir þingmenn:

7. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.,
8. Bjarni Jónsson, þm. Dalamanna,
9. Björn Hallsson, 1. þm. Norðmýlinga,
10. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.,
11. Eggert Pálsson, 2. þm. Rangæinga.
12. Einar Arnórsson, 2. þm. Árnesinga,
13. Einar Jónsson, 1. þm. Rangæinga,
14. Guðm. Eggerz, 2. þm. Sunnmýlinga.
15. Guðm. Hannesson, 1. þm. Húnavetninga,
16. Guðm. Ólafsson, 2. þm. Húnavetninga,
17. Hannes Hafstein, 1. þm. Eyfirðinga,
18. Hákon Kristófersson, þm. Barðstr.,
19. Hjörtur Snorrason, þm. Borgfirðinga,
20. Jóhann Eyjólfsson, þm. Mýramanna,
21. Jón Jónsson, 2. þm. Norðmýlinga,
22. Jón Magnússon, 2. þm. Reykvikinga,
23. Jósef Björnsson, 2. þm. Skagfirðinga,
24. Karl Finnbogason, þm. Seyðfirðinga,
25. Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K.,
26. Magnús Pjetursson, þm. Strandamanna,
27. Matthias Ólafsson, þm. Vestur-Ísf.,
28. Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga,
29. Sigurður Eggerz, þm. V.-Skaftfellinga,
30. Sigurður Gunnarsson, þm. Snæfellinga,
31. Sig. Sigurðsson, 1. þm. Árnesinga.
32. Sigurður Stefánsson, þm. Ísafj.kaupst.,
33. Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísf.,
34. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyfirðinga,
35. Sveinn Björnsson, 1. þm. Reykvikinga,
36. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Skaftfellinga,
37. Þórarinn Benediktsson, 1. þm. S.-Múl..

Þessir þingmenn voru ókomnir til þings: Karl Einarsson, þm. Vestmannaeyja,

Magnús Kristjánsson, þm. Akureyrar,
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þingeyinga.

Ráðherra kvaddi *Eirík Briem*, 1. kgk. þm., sem var elstur þingmanna, til að setjast í forsetasæti og stýra prófun kjörbrjefa og kosningu forseta. Gekk hann til forsetastóls og tók sjer til aðstoðar Sigurð Stefánsson, þm. Ísafjarðarkaupstaðar, og Magnús Pjetursson, þm. Strandamanna, og mælti svo á þessa leið:

Hjer liggur ekki fyrir að rannsaka nema eitt kjörbrjef, sem sje þess háttv. þm., er kjörinn hefir verið í stað Júlíusar Havsteen amtmanns, sem áður var 1. kgk. þm. og nú er látinn. Veit jeg að hv. þing muni minnast hans með mjer með hlýjum hug, því að hann var ekki einungis framúrskarandi skyldurækinn embættismaður, heldur átti hann og góðan þátt í þingstörfum um alllangt skeið.

Tóku þingmenn undir þetta með því að standa upp.

Þá var öllum þingmönnum skift í þrjár kjörbrjefadeildir, og urðu þessir þingmenn í hverri deild:

1. deild.

Guðm. Eggerz,
Hannes Hafstein,
Hákon Kristófersson,
Karl Finnbogason,
Matthias Ólafsson,
Ólafur Briem,
Sigurður Eggerz,
Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson, 3. kgk. þm.,
Steingrímur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

2. deild.

Benedikt Sveinsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðmundur Björnson,
Guðmundur Ólafsson,

Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,
Jón Þorkelson,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson.

3. deild.

Björn Kristjánsson,
Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,
Eiríkur Briem,
Guðmundur Hannesson,
Jón Jónsson,
Jósef Björnsson,
Kristinn Danielsson,
Magnús Pjetursson,
Sigurður Gunnarsson,
Sigurður Stefánsson,
Sveinn Björnsson,

Var nú fundi frestað og gekk 3. deild út úr salnum, til þess að gegna raunnsókninni.

Að skömmum tíma liðnum kom hún aftur í salinn, og var þá fundi haldið áfram.

Framsögumaður 3. kjörbrjefadeildar (Sveinn Björnsson) skýrði svo frá árangri raunnsóknarinnar á þessa leið:

Deildin hefir eigi haft nema eitt kjörbrjef til meðferðar, sem sje kjörbrjef hv. 6. kgk. þm., Jóns Þorkelssonar. Hefir hún ekkert fundið við það að athuga, og ræður því háttv. Alþingi til þess að samþ. það.

Sú tillaga var svo samþ. í einu hljóði, og gat aldursforseti þess, að með því hinn nýkjörni þingmaður hefði áður unnið eið að stjórnarskránni, þá væri það eigi venju samkvæmt, að hann þyrfti að gjöra það á ný.

Þá var gengið til kosninga á embættismönnum sameinaðs Alþingis.

Forseti sameinaðs Alþingis var kosinn

Kristinn Daníelsson,

2. þm. G.-K. með 19 atkv.

Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf., hlaut 14 atkv., Jón Magnússon, 2. þm. Reykvik., 1 atkv. og Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf., 1 atkv. Tveir seðlar voru auðir.

Gekk þá Kristinn Daníelsson til forsetastóls, tók við fundarstjórn og mælti á þessa leið:

Jeg þakka hinu háa Alþingi fyrir þann sóma, er það hefir sýnt mjer með þessari kosningu, og verður svo kosningunum haldið áfram.

Næst var gengið til kosninga um varaforseta sameinaðs Alþingis, og hlaut kosningu

Sigurður Gunnarsson,

þm. Snæf., með 20 atkv.

Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísaf., hlaut 3 atkv. og Björn Þorláksson, 4. kgk. þm., 1 atkv. Tólf seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosninga um skrifara sameinaðs Alþingis, og hlutu kosningu þeir

Sigurður Stefánsson,

þm. Ísaf., með 33 atkv. og

Magnús Pjetursson,

þm. Strand., með 27 atkv.

Að lokum var kosin lögmælt

kjörbrjefanefnd,

og hlutu þessir kosningu, er kosið var í annað sinn óbundnum kosningum:

Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf., með 21 atkv.

Karl Finnbogason, þm. Seyðf., — 21 —

Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing., — 21 —

Sigurður Eggerz, þm. V.-Skaft., — 18 —

Sveinn Björnsson, 1. þm. Rvík, — 18 —

A.

Frumvörp, samþykkt af Alþingi sem lög.

1. Fjárlög fyrir árin 1916 og 1917.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. september, og á 60. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt til meðferðar í sameinuðu Alþingi

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917,

eins og það hafði verið samþ. við eina umr. í Ed. (A. 984).

Á 7. fundi sameinaðs Alþingis, miðvikudaginn 15. september, var frv. tekið til umr. (A. 983, 984, 989, 990, 997, 1001, 1006).

Afbrigði frá þingsköpum leyfð og samþ.

Frsm. fjárln. Ed. (Magnús Pjetursson): Eins og sjá má, er nú ekki mikill ágreiningur milli fjárlaganefndanna í deildunum um fjárlögin. En eftir því, sem jeg hefi til spurt, þá kvað þó sumum háttv. Nd. þm. þykja Ed. hafa verið óvenju af-

skiftasöm um fjárlögin að þessu sinni, og hefi jafnvel heyrt því varpað fram af einstöku þm. í háttv. Nd. — þó eigi fram-sögumanni fjárlagan. þar í deild (P. J.) — að Ed. hefði vansa af þessari afskifta-semi. Þetta tel jeg hvatvislega mælt, og þori að segja, að Ed. þar ekki að bera fleika kinn fyrir framkomu sína og starf við fjárlögin. Jeg hefi dálítið athugað framkomu Ed. og afskifti af fjárlög-unum á undanförunum þingum, og ekki fundið meiri mun, svo orð sje á gjörandi, milli deildanna nú en áður, sist milli fjárlaganefndanna í deildunum. Og þótt svo væri, að Ed. hefði að þessu sinni verið eitthvað afskiftasamari um fjárlögin en áður, þá er það næsta eðlilegt; því að eins og kunnugt er, var fjárlaganefnd þeirrar deildar kosin þegar snemma á þing-tímanum, og hefir því haft betri tíma til að at-huga málið en að undanförunu. Jeg hefi orðið þess var, að í nál. Ed. er það oft-sinnis tekið fram, að fjárlaganefnd deild-arinnar hafi *ekki haft tíma til að at-huga* fjárlögin til hlitar, og væri því senni-legt, að stundum hefði verið gjörðar meiri breytingar á þeim í Ed., ef jafngóður tími hefði verið til að athuga fjárlögin sem nú.

Ekki dettur mér þó í hug að bera briggður á, að Nd. eigi að ráða meira um fjár-mál landsins en Ed.; bæði er henni ætlað það eftir stjórnarskránni, og svo hefir hún og meira atkvæðamagn til að koma sam-huga áhugamálum sínum fram en Ed. Hún hlýtur því að bera höfuðabyrgðina á fjárlögunum. Eigi síður á þó Ed. sjálfsgáðan tillögurjett í málum þessum, og honum vildi hún ekki sleppa að þessu sinni, og því eru nú fjárlögin komin í sameinað þing.

Ef vjer athugum ágreininginn, þá nemur hann nú um 100,000 kr., og svo stór-an bita gat Ed., ekki gleypst umsvifalaust.

Þá kem jeg að hinum einstöku brtt. fjárlaganefndar Nd. Það er litið, sem nefnd-

irnar greinir á, og ekki meira en svo, að útgjöldin mundu lækka um einar 400 kr., ef allar brtt. nefndarinnar í Nd. yrðu samþykktar. Þetta er alt og sumt, sem nefnd-irnar greinir á um.

Út af brtt. hv. fjárl.n. Nd. um hækkun á launum dócentsins í guðfræðisdeild Háskólans, skal jeg leyfa mjer að skýra frá, hvað vakti fyrir nefndinni í Ed., er hún hafnaði launahækkun þessari. Hv. framsm. fjárlaganefndar Nd. (P. J.) nefndi þessa hækkun persónulega launaviðbót. Það getur verið, að sú hafi verið tilætlun hv. Nd., og að það sé nefnt í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar þar í deild; í fjárlög-unum stendur það ekki þannig, og gæti því valdið misskilningi.

Það er fjarri því, að fjárlaganefndin í Ed. hafi nokkuð á móti manni þeim, sem hjer ræðir um; en hún litur svo á, að það sje hættuleg braut að fara inn á, að taka einstaka embættismenn út úr og veita þeim launahækkun, og það því fremur, sem nú situr launanefnd á rök-stólum, og vænta má, að hún taki til at-hugunar launakjör þessa manns, ekki síður en annara starfsmanna landsins. Þess má og geta, að þetta er tiltölulega nýtt embætti, og enginn hörgull var á umsökjendum um docentaembættin við Háskólann, með þeim launakjörum, sem þá stóðu til boða, og enn haldast.

Fjárlaganefndin í Ed. ber ekki briggður á, að þessi docent hafi meira að starfa en þinir docentarnir, en henni fanst það varhugavert, að ganga inn á þá braut, að fara að meta laun manna eftir því, hve mikið þeir kynnu að hafa að starfa; það myndi verða æði mikill ágreiningur út úr því. Við sjálfan Háskólann eru launin að minsta kosti ekki metin eftir þeim mælikvarða. Jeg skal nefna til dæmis hjeraðslækninn í Reykjavík; hann hefir eins mikla kenslu við háskólann eins og prófessorarnir, og fær einar 800 kr. um árið fyrir. (*Guðmundur Björnson:*

Það eru skammarleg laun). Það er satt, en ekki kom hv. fjárlaganefnd Nd. með neina tillögu um að hækka laun hans, nje tók á nokkurn hátt til greina beiðni hans um launahækkun.

Þá er að minnast á styrkinn til að reyna að koma á sýtun skinna í Norðurlandi. Hv. framsm. fjárlaganefndar Nd. (P. J.) taldi þetta ekki fjárspursmál, eins og satt er, en þótti það ekki vanvirðulaust, að láta þessa fjárveiting standa í fjárlögnum.

Ed. leit eigi svo á.

Svo stendur á fjárveitingu þessari, að ýmsir iðnaðarmenn í Skagafirði, skósmiðir, söðlasmiðir o. fl. rituðu þinginu um málið. Þeir sýndu fram á, hvíllur hagnaður það mundi verða, ef skinnasýtun kæmist á; sótti einn þeirra um fje til að geta ferðast á milli, til að koma á fjelagsskap um þetta. Þeir sóttu að vísu um hærri styrk en þær 200 kr., sem Ed. hefir lagt til að veittar yrðu, og þótt hún sæi sjer ekki fært að verða að öllu við beiðni þeirra, vildi hún þó sýna lit á því, að hún vildi styðja viðleitni manna til að koma upp innlendum iðnaði.

Þriðja brtt. hv. fjárlaganefndar Nd., er um styrkinn til sýslunefndar Vestmannaeyinga, til þes að leita að vatni og undirbúa vatnsveitu. Nefndin í Nd. er þó smám saman að þokast upp á við með styrkveitingu þessa og nálgast Ed., og vona jeg að svo verði komið, er fundi þessum lýkur, að hún verði komin alla leið upp til systurnefndar sinnar.

Jeg veit ekki, hvort öllum þm. er kunnugt um það, að drykkjarvatn fæst ekki úr jörðu í Vestmannaeyjum, en safna verður regnvatni af húsapökum í þar til gjörða brunna. Sumir eru brunnar þessir svo vel gjörðir, að ekki er viðbjóðslegt vatn úr þeim, nje hættulegt fyrir heilsu manna, en sumir eru brunnar næsta ljelegir og óheilmæmir. Á einum stað safnast drykkjarvatnið í gróf í túni, og er

þetta stundum þrautabrunnur þeirra eyjar-skeggja. Í þurkunum í sumar varð svo mikill vatnsskortur í Eyjunum, að komið var að því, að sækja yrði vatn á skipum upp á land. Það er auðsætt, að það er ekki hættulaust, að búa við þetta ástand, og það sýnist rjett, að landssjóður hlaupi hjer undir bagga. Þess er og að gæta, að landssjóður á land alt í eyjunum, og er því skylda hans að sjá um, að búandi sje þar, og eiginn hagar hans að gjöra þar sem byggilegast. Nú fjölgar fólki óðum í eyjunum og sjávarútvegur virðist eiga þar mikla framtíð í vændum. Það er því auðsætt, að vatnsskorturinn muni fara í vöxt, ef ekki er að gjört, og getur það meðal annars orðið sjávarútveginum til hnekkis, og fælt fólk frá að setjast að í eyjunum.

Hv. fjárlaganefnd Nd. og hv. Nd. vill binda fjárveitinguna því skilyrði, að það, sem á vantar, greiðist annarsstaðar frá; gegn því hefir fjárlaganefnd Ed. í sjálfu sjer ekkert, því að hún hefir fengið upplýsingar um það hjá verkfræðingi, að verk það, sem hjer á að vinna, muni kosta að minsta kosti 7000 kr. Sýslunefndin í Vestmannaeyjum hefir þegar lagt fram nú á síðari árum 700 kr. til að leita eftir vatni, og einstakur maður um sömu upphæð, Virðist því sanngjarnt, að það tillit sje tekið til þessa, að ekki sjeu nú heimtaðir meira en $\frac{2}{7}$ af tilkostnaðinum af eyjabúum.

Við 4. brtt. hefi jeg, sem framsm. fjárlaganefndar Ed., ekkert að athuga, því að sú tillaga var ekki upphaflega frá nefndinni, en jeg veit að flutningsmaður hennar hefir ekkert við þessa brtt. að athuga.

Þá kem jeg að síðustu brtt. hv. fjárl.n. Nd. Þessi brtt. fjárlaganefndar Ed., hefir valdið dálitlum misskilningi, eins og jeg tók fram í hv. Ed. Það var ekki tilætlanin, að skilja bæri tillöguna svo, að lán-ið skyldi veitt strax eftir nýjár, hvernig sem á staði, heldur átti hún að skiljast

þannig, að þessi lánsheimild skyldi ganga fyrir öðrum lánsheimildum fjárlaganna. Má vera, að tillagan sje ekki sem heppilegast orðuð, en hættuleg getur hún ekki orðið, nú eftir að skýrt hefir verið í framsögunni, hvernig ætlast er til að hún sje skilin.

Um trygginguna fyrir láninu á Ed. ekki sök, því að tryggingarskilyrðin eru komin frá hv. Nd., og ef fjárlaganefnd Nd. hefði þótt þau athugaverð, þá hefði hún átt að koma með brtt. um þau, fyrst hún á annað borð bar fram brtt. við fjárlögin. Annars mun fjárlaganefnd Ed. ekki fara í kapp við hv. fjárlaganefnd Nd., um það, sem milli ber. En vænt þykir mjer um að eiga von á styrk frá hv. fjárlaganefnd Nd., þegar að því kemur, að greiða á atkvæði um brtt. einstakra þingmanna. Að öðru leyti mun jeg ekki ræða um þær, fyrr en jeg hefi heyrt hvað flutningsmenn þeirra hafa fram að bera.

Framsm. fjárl.n. Nd. (Pjetur Jónsson): Fjárlaganefnd hv. Ed., hefir gjört að eins örfáar brtt., og þótti því nefndinni í Nd. ekki ástæða til að fara að koma fram með nýtt nefndarálit. Jeg mun því drepa stuttlega á hverja brtt. fyrir sig.

Fyrst er þá launahækkunin lil docents Sig. Sivertsen. Fjárlaganefnd Nd. vill veita honum 400 kr. persónulega launaviðbót, en hv. Ed. er því mótfallin. Þó þer hv. Ed. því ekki við, að þetta sje ósanngjarnt í sjálfu sjer, heldur finst henni óviðurkvæmilegt, að allir dócentar Háskólans hafi ekki sömu laun. En það hefir áður verið tekið fram, að það stendnr sjerstaklega á um Sig. Sivertsen; hann á miklu óhægra með að afla sjer aukatekna heldur en hinir docentarnir, því að kenslustarf hans við Háskólann er meira en þeirra. Jeg sje því ekki betur, en að vel væri hægt að neita hinum dócentunum um launahækkun; þó að hækkað væri við Sig. Sivertsen. Fjárlaganefnd Nd. vonar

því, að Alþingi liti með sanngirni á þetta mál, en að öðru leyti ætla jeg ekki að fara í neinar kappræður út af því.

Því næst vil jeg minnst á brtt. um að veita fje, til þess að leita að vatni og undirbúa vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Meiri hluti nefndarinnar var á því, að sanngjarnt væri að veita nokkurt fje til þessa, en áleit að 3000 kr. væri nægilegt framlag úr landssjóði, til móts við framlag Vestmannaeyinga sjálfra. Nú vill Ed. að framlag landssjóðs sje 5000 kr. Nefndin hefir ekki fyrir sjer neina áætlun um, hvað verk þetta muni kosta, og vill hún því fara bil beggja, og leggja til að þessi styrkveiting verði færð niður í 4000 kr. —

Þá vil jeg minnst á lánið úr viðlagssjóði til Guðmundar E. Guðmundssonar. Nefndin var frá upphafi mótfallin þeirri lánveitingu, en hún var samt samþykkt í Nd., og nú hefir Ed. gjört slíkt hið sama. En Ed. hefir bætt því við, að lánið skuli útborgast nú þegar. Í upphafi þessa liðs í fjárlögunum er það þó tekið fram, að stjórninni *heimilist* að veita lán þetta, en samkvæmt þessari viðbót, er ekki um heimild, heldur um *skipun* að ræða. Það lítur því helst út fyrir, að hv. Ed. sje þeirrar skoðunar, að stjórnin eigi ekki að hafa neinar gætur á, að nein trygging verði sett fyrir skynsamlegri notkun þessarar fjárveitingar. Ef þessi viðbót hv. Ed. verður samþykkt, eru þessar 12000 kr. því fjárveiting en ekki lánveiting.

Jeg hefi nú minst á helstu brtt. hv. Ed., og er ekki hægt að segja, að ágreiningsatriðin milli deildanna sjeu mörg eða mikilvæg. Jeg býst við, að jeg og hv. samnefndarmenn mínir geti fylgt hv. Ed. í flestum öðrum atriðum, þar sem hún hefir gjört breytingar við frv. Sjerstaklega skal jeg geta þess, að við getum verið Ed. samdóma um Jökulsárbrúna.

Sigurður Eggerz: Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) og jeg flytjum hjer brtt., sem fer fram á 78 þús. kr. fjárveitingu til Jökulsárbrúarinnar. Brtt. þessa hefi jeg tvisvar flutt í Nd., og hún hefir verið samp., en háttv. Ed. hefir ekki sjeð fært að veita fje þetta. Hugsu jeg, að það stafi helst af því, að háttv. Ed. sje ekki kunnugt um nauðsyn þess, að mál þetta nái fram að ganga, eða að minsta kosti, að hún hafi ekki kynt sjer hana nógu vel. Skal jeg að visu geta þess, að háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) í Ed., ber gott skyn á þetta mál, og eins og jeg hefi áður tekið fram, lýsti hann yfir því í ræðu, í þeirri háttv. deild, að hjer væri um mikla nauðsyn að ræða, og að kjördæmið ætti fyllilega skilið að málið gengi fram. En sakir þess, að jeg flytti málið, þá gæti hann ekki greitt því atkvæði. Vona jeg að háttv. þm. breyti samt skoðun á þessu atriði, og verði með brúnni, þrátt fyrir allt. Hefi jeg þá ástæðu til að vona þetta, að helst litur út fyrir að hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) sje bæði guðhræddur maður og hreinhjartaður, því mitt í öllu þessu pólitiska þvargi fer hann að berjast fyrir því, að fje sje veitt til heildarútgáfu af ritum síra Hallgríms sál. Þjefurssonar. Þetta finst mjer lýsa hreinu og göfugu hugarfari, og ætti hann því að snúa aftur frá villu síns vegar, og hætta að láta málefnið gjalda mannsins.

Margar alvarlegar ástæður mætti færa til, sem mæla með byggingu Jökulsárbrúarinnar, og þó mjer þyki leitt að þreyta háttv. Nd. með því að bera enn einu sinni fram röksemdir minar, þá neyðist jeg þó til þess, sökum háttv. Ed., en jeg skal vera stutturður.

Leyfi jeg mjer að byrja á því, að áin kemur undan Mýrdalsjökli. Er hún straumhörd mjög og all stórgrýttur botninn, svo að þegar vöxtur hleypur í hana, má telja að hún sje óreið, þegar hún nær á miðjar síður. Kemur því oft fyrir, að áin er með öllu ófær. Rennur áin á takmörkunum

milli Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu; veit Eyjafjallahreppur að ánni að vestan, en Mýrdalur að austan, og eru þetta hvort tveggja mikil landbúnaðar- og framfarahjeruð. Áin rennur auk þess í miðju læknishjeraði, og má öllum vera ljóst, hvílik hætta getur stafað af því. Enn fremur er það oft, að Mýrdælir sækja til fiskjar vestur yfir ána, en oft kemur fyrir að þeir komast hvergi, þó mofkiski sje. Fjárrekstrar verða líka að komast yfir ána, en oft mega þeir biða alt að viku, og komast ekki. Er af því ýmiskonar óhagur, tímatöf og skepnurýrnun.

Þá vil jeg geta þess, að menn úr Eyjafjallahreppi sækja nauðsynjar sínar í Vík, og kæmist brúin á, þá er um leið komið fast samband milli Skaftafellssýslu og Suðurlandsundirlendisins. Mundi þá ekki heldur langt að biða þess, að akbrautir kæmu alla leið til Reykjavíkur.

Enn fremur má geta þess, að Skaftfellingar verða hart úti með samgöngur á sjó, vegna brima og hafnleysis, og er allhart að útiloka þá líka frá samgöngum á landi, sem þó stendur í okkar valdi að veita, þegar náttúran lokar fyrir þeim sjávarleiðunum.

Að síðustu vil jeg geta þess, að í manna minnum hafa alls druknað 40 manns í á þessari. Ef hvert mannslíf er metið á 25 þús. kr., þá er þar þegar komin 1 miljon króna. Allir sjá hvílikur ósparaður það er, að láta vatnið þannig gleypa fje landsins.

Svona horfir þá málið við, þegar litið er á það með köldum fjárhagsaugum, en hitt álit jeg skifti miklu meira, hve mikla sorg og áhyggjur þessi óvættur orsakar. 40 lík ættu að vera nóg til þess, að sannfæra menn um það, að hjer er þörf á að byggja brú, og það á ekki, og má ekki biða lengur. Og hræddur er jeg um, að þegar næstu mannslátin, sem orsakast af völdum ár þessarar, berast út um landið, þá segi samviskan til sín, hjá þeim, sem

á móti hafa blásið. Að minnsta kosti vildi jeg ekki taka þá ábyrgð á mig.

Jeg hefi skýrt hinu háa Alþingi frá þessu, til þess að enginn geti skotist undan atkvæði, og borið við vanþekkingu á málinu. Hjer er áreiðanlega um bæði mikið og gott verk að ræða, sem sannarlega veitir ekki af að sje framkvæmt.

Sigurður Sigurðsson: Jeg tel mjer skylt, að mæla örfá með brtt. þeim, sem jeg hefi borið hjer fram. Fyrsta og stærsta brtt. er á þgskj. 990, og fer fram á, að styrkurinn til búnaðarfjelaganna fái að standa síðara ár fjárhagstimabilsins. Aðalástæðan fyrir því, að jeg slyt þessa brtt., er sú, að fjárveitingin miðar að því, að halda uppi starfsemi búnaðarfjelaganna. Verði búnaðarfjelögin svift þessum styrk að fullu og öllu næstu tvö árin, er enginn vafi á því, að mörg þeirra leggjast niður og hætta starfsemi sinni að meira eða minna leyti. Svo er annað, sem líka ber að lita á í þessu sambandi, og það er það, að ef styrknum verður kipt í burtu bæði árin, þá fellur niður öll opinber skýrslugjörð, að því er snertir jarðabætur í landinu, sem búnaðarfjelögin hafa safnað og gefið landsstjórninni fram að þessu. Jeg er hræddur um, að það yrðu hálfgjörðar Hálfðánarheimtur á þessum skýrslum, ef styrkurinn fjelli niður með öllu. Hagstofan hefir frætt mig um, að seinni árin hafi búnaðarfjelagsskýrslurnar verið svo vel úr garði gjörðar, að hún hafi eingöngu fylgt þeim í sínu yfirliti yfir jarðabætur í landinu.

Jeg skal benda á það, að nú eru nýsamþykkt lög hjer á þinginu um tünamælingar. Það er engin vafi á því, að það er ætlun þingsins, að búnaðarsamböndin aðallega hafi það starf á hendi. Verði styrknum kipt í burtu, geta búnaðarfélögin ekki greitt búnaðarsamböndunum til lög sín, en af því leiðir aftur það, að búnaðarsamböndin geta ekki int sín störf af

hendi. Alt þetta bendir á, að það sje ekki rjett, að kippa styrknum burtu bæði árin. Jeg er þess fullviss, að fjárveitingar til búnaðarfjelaganna hafa gjört mikið gagn landi og lýð, og hræddur er jeg um, ef ýmsar fjárveitingar, sem samþykta hafa verið á þessu þingi, yrðu krufðar til mergjar, að þær reyndust á engan hátt nýtsamari en styrkurinn til búnaðarfjelaganna. Jeg gæti nefnt ýmsa svo kallaða billinga, sem nema hærri upphæðum, en jeg ætla nú ekki að fara að rekja þá raunarollu. Hitt muna vist flestir, að það hafa óbeinlinis verið stofnuð þrjú ný embætti við Háskólann að þessu sinni. Á jeg þar fyrst og fremst við kennarann í líffærameinfræði, með 2800 kr. hvort árið, enn fremur styrkinn til þessara svokölluðu sálarfræðirannsókna, sem er 3000 kr. hvort árið, og loks styrkinn til fyrirlestrahalds í þýskum fræðum, 1000 kr. hvort árið. Þessar fjárveitingar allar eru visar til stofnunar nýrra embætta við Háskólann. Jeg gæti nefnt margar fleiri fjárveitingar, sem sumar eru miður þarfar og aðrar með öllu óþarfar, er nema meira samtals, en búnaðarstyrkurinn nemur alls. En jeg skal ekki fjölyrða meira um þennan styrk. Það verður að fara um hann sem verkast vill, og menn munu sýna það við atkvæðagreiðsluna, hvort þeir vilja svifta búnaðarfjelögin þessum styrk núna, þegar verst gegnir.

Þá á jeg hjer aðra hrtt. á þgskj. 989, sem fer fram á smá fjárveitingu, einar 200 kr., til húsmæðrakenslu á Eyrarbakka. Mjer hefir dóttið það í hug, þegar jeg hefi virt það fyrir mjer, hvað efri deild hefir látið sjer ant um að strika út þenna litla styrk, að menn geti verið misvitir. Mjer virðist efri deild hafa verið misvitur í þessu máli, ef ekki hlutdræg, þar sem hún hefir hækkað styrkinn til kvenfjelagsins „Ósk“, sem hefir á hendi alveg sams konar starf og hjer er farið fram á að styrkja. Hún hefir ekki heldur haft neitt að athuga við styrkveitingu til húsmæðra-

kenslu á Akureyri, og er þó þessi fjárveiting, sem jeg fer fram á, miklu minni. Efri deild hefir ekki þótt taka því, að veita svo lítið fje; hún er hvort sem er svo stórgjörð í sínum tillögum um fjárveitingar í flestum greinum. Hjer er um nákvæmlega samskonar störf að ræða og kvenfjelagið „Ósk“ hefir á hendi, og þau störf, sem ætlast er til, að frú Jónína Línal taki að sjer á Akureyri. Þess vegna get jeg ekki annað sagt en að það virðist vera hlutdrægni, sem veldur því, hvað þessi fjárveiting á erfitt uppdráttar. Eða kann ske efri deild vilji ekki veita nema stórupphæðir út í bláinn?

Svo á jeg loks eina brtt. enn. Það er litil fjárveiting, sem þar er farið fram á, einar 350 kr., til þess að koma sjúklingi á erlenda stofnun, eins konar geðveikra stofnun í Kaupmannahöfn. Þessi sjúklingur er fábjáni, og þeir sem að honum standa eru fátækir menn, sem eiga í vök að verjast og geta ekki kostað hann af eigin rammleik. Það hefir legið hjer fyrir þinginu umsókn frá föður þessa sjúklings, og hafi þingmenn kynt sjer hana, þá munu þeir hafa sjeð, að hjer er ekki ófyrirsynju beðið um styrk. Jeg vænti þess, þótt mjer hafi verið álasað fyrir að koma fram með þessa viðaukatillögu, að hún fái nú hlýjar undirtektir. Jeg vildi þvo mínar hendur með því að gjöra það, sem í mínu valdi stendur til þess, að reyna að útvega þennan litla styrk. Jeg vil ekki segja, að þingið hafi beinlínis veitt neinn fábjánastyrk, en sumar fjárveitingar efri deildar hafa verið mjög *fábjánalegar*, og miklu fábjánalegri heldur en að veita styrk til þess að koma þessum sjúklingi á geðveikrahæli í Kaupmannahöfn.

Stefán Stefánsson Eyf.: Það er líklega ekki til neins, að fara nú að halda langa ræðu, sjerstaklega þegar lítið er til þess, hve fátt þingmanna er hjer í salnum. Jeg minnst þess ekki, að jeg hafi nokkru

sinni sjeð jafn fámennan fund í sameinuðu Alþingi.

Jeg vona, að engan hinna háttv. þm. furði á því, að jeg hefi leyft mjer að flytja örlitla brtt. á þgskj. 1001, um að 3000 kr. fjárveiting verði lögð til framhalds akvegarins frá Akureyri til Öxnadals. Við aðra umr. fjárlaganna í Nd. rjeð fjárlaganefndin til, að fjárveiting til þessa vegar, sem stjórnin hafði lagt til að veita, yrði algjörlega feld niður, og sú tillaga hennar var samþ. í deildinni. En þegar leið fram á þingtímann, sýndist mjer þó rjett, að koma fram með tillögu um einhvern dálitinn styrk, til þess að sýna, að þingið viðurkendi nauðsyn þessarar vegarlagningar, og kom því fram með tillögu um að veita til hennar 3000 kr. Þetta var svo samþ. í deildinni með miklum meiri hluta atkv. við eina umr. En efri deild feldi aftur fjárveitinguna með litlum atkvæðamun, og hygg jeg, að það hafi stafað af algjörðum ókunnugleika deildarinnar, því að jeg skil ekki í því, að tillaga, sem studdist við eins mikla nauðsyn og þessi, hefði verið feld, ef deildarmenn hefðu verið kunnugir á þessum slóðum. En það er svo um þennan veg eins og nú stendur, að hann getur ekki notað nema nokkur hluti af einum hreppi, í stað þess, ef veginum yrði haldið áfram um 6—8 km. leið, þá gætu 3 sveitir notað hann, Hörgárdalur, Öxnadalur og mikill hluti Glæsibæjarhrepps. Mjer er það því með engu móti skiljanlegt, að kunnugir menn geti lagt á móti þessari fjárveitingu; og það er því ótrúlegra, þar sem stjórnin lagði það til í fjárlagafrv. sínu, að til þessa vegar yrðu lagðar 7000 kr., og studdist hún þar við álit verkfræðings landsins um það, hve afar nauðsynlegt það væri fyrir hlutaðeigandi hjeruð, að þessi vegarlagning hjeldi áfram. Það er því svo, að mínu álit, að hver sá maður, sem viðurkennir, að þetta sje nauðsynjavegur, verður líka að viðurkenna, að

fjárveitingin sje mjög hófleg. Hvers á Eyjafjarðarsýsla að gjalda? Hvers vegna á hún að verða svo hart úti, þegar allar fjárveitingar til þjóðvega, sem í stjórnarfrv. stóðu, eru teknar til greina, að meira eða minna leyti, nema að eins þessi eina? Henni er að engu sint. Það getur þó ekki verið það, sem bagar, að Eyjafjarðarsýsla leggur 240—250 þús. kr. árlega í landssjóð, og ekki heldur það, að þingið vilji endilega ganga á móti tillögum verkfræðings landsins og stjórnarinnar. Nei, jeg lit svo á, að svona hafi farið einungis vegna ókunnugleika efri deildar í þessu máli; það hlýtur að vera eina ástæðan og afsökunin, því að frá sjónarmiði kunnugra manna hlýtur það að álitast sjálfsögð skylda, að veita þennan styrk. En fari nú svo, að styrkurinn verði ekki veittur, þá get jeg hugsað mjer, að þeir, sem eiga að nota veginn, fari að verða von litlir um það, að það eigi að verða, svona næstu 3—4 árin, að vegurinn verði þeim nothæfur, eins og þingið þó sætlaðist til í upphafi.

Jeg hefi svo ekki meira um þetta að segja. Jeg hefi áður skýrt nákvæmlega frá, hvernig hagar til á þessum slóðum, og nenni jeg ekki að taka það allt upp aftur. Jeg vænti þess nú fastlega, að allur þingheimur fallist á að veita þennan hóflega styrk, 3000 kr., til þess að greiða úr flutningaþörfinni í þessum þrem sveitum, er jeg nefndi. Eyjafjarðarsýsla, sem greiðir svo margfalt meira fje í landssjóð en nokkur önnur sýsla á landinu, verðskuldar það sannarlega ekki, að vera höfð að olbogabarni, og þar af leiðandi ekki heldur þær sveitir, sem hjer eiga hlut að máli, og lýk jeg svo máli mínu, í fullu trausti til þess, að fjárveitingin verði samþykt.

Bjarni Jónsson: Jeg er nú svo heppinn, að geta átt tal við stóla sameinaðs þings, og sætla jeg mjer að nota það. Jeg sætla þó ekki að tala mikið um þær brtt.

sem fram hafa komið, en get samt ekki látið vera að minnast á tilraunina til að lækka styrkinn til vatnsleitara í Vestmannaeyjum, einkanlega þar sem þessi jarðeigandi, sem er landssjóður, hefir látið sjer lynda, að gjöra þessa góðu jörð hálfóbyggilega, með því að sjá ekki fyrir vatni handa ábúendum. Það er undarlegt, að menn skuli vilja vera að krukka í þessa fjárveitingu, því það er satt að segja hneyksli, að landssjóður skuli ekki fyrir löngu vera búinn að sjá eyjamönnum tyrir vatni.

Svo vildi jeg vikja að brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.) örfáum orðum. (*Sigurður Sigurðsson:* Jeg þakka, ef það eru meðmæli). Það eru meðmæli að nokkru leyti. Mjer þykir það undarlegt, að Ed. skuli ekki kunna að meta þá viðurkendu fábjana, einkanlega þar sem bæði í Ed. og Nd. ber mjög mikið á þeim óviðurkendu. Vilji nú þingið ekki veita einum viðurkendum fábjana þennan litla styrk, þá skil jeg ekki, hvers vegna það gjörir þann fábjanamun. Annars er jeg ekki viss um, að við hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sjeum alveg sammála í fábjanafraeðinni. Það gæti verið, að jeg teldi einhvern af þeim óviðurkendu ekki sitja í sömu sætum og hann telur þá sitja í.

En jeg stóð nú ekki eiginlega upp til að tala um þetta, heldur stóð jeg upp til að flytja hv. Ed. þakkir fyrir meðferð hennar á fjárlögunum yfir höfuð, en þó einkum fyrir meðferð hennar á þeim tillögum, sem jeg hefi borið fram í hv. Nd. Þær eru ekki svo fáar, en svo skelegglega var að verið í Nd., að þær voru allar skornar niður. Jeg játa, að það er mikill munar á deildunum að þessu leyti, þar sem Ed. hefir komið þeim öllum fram. Hún hefir bjargað fyrir mig tveim efnilegum ungum mönnum, Alexander Jóhannessyni og Jakob Jóhannessyni, og dregið þá upp úr hinu víða sláturtrogi Nd., sem nokkrir hinna óviðurkendu standa við bæði

dag og nótt, til þess að gæta þess, að ekki verði sláturlaust þar. Hún hefir bjargað miklu nytsemdarfyrirtæki á Breiðafirði, flóabátnum, sem sannarlega hefði farið forgörðum, ef skoðun Nd. hefði orðið ofan á. Nd. ætlaði að lækka þennan styrk úr 9000 kr. niður í 7000 kr., af því að innlendir menn ætluðu að kaupa bátinn, en Ed. færði hann upp í 12 þús. kr. Hún hefir tekið viturlegar í simamálið í Dölum og yfir Gilsfjörð, og hún hefir bætt úr óviturlegu skilyrði fyrir lánveitingu til Breiðfirðinga, er Nd. setti. En það, sem snertir mig mest sjálfan, er það, að hún hefir komið því svo fyrir, ef jeg kemst að því að kenna í vetur, að jeg þarf þá ekki að lesa í lófa minn. Í Nd. viðurkendu menn mig svo mikinn lærdómsmann, að þeir ætluðust til að jeg kendi bókarlaust. En Ed. hefir ekki viljað viðurkenna mig þeim mun lærðari en alla aðra menn. Hún leit meira á hitt, að launaður starfsmaður landsins sæti ekki auðum höndum vegna bókaleysis. Auk þessa hefir hún bjargað ýnsum öðrum málum, sem jeg mælti örugglega fram með í Nd. Þar á meðal má nefna do-cent í líffærameinfæði, og þakka jeg hv. Ed. sjerstaklega fyrir þingsins hönd fyrir að hún bjargaði því nauðsynjafyrirtæki, því að hún hefir þar með forðað þinginu við hneyksli. Annað tel jeg líka til hins sama, er hún setti miklu viturlegri skilyrði fyrir fjárveitingu til Guðmundar Finnbogasonar. Jeg hafði haldið því fram, að það ætti að stofna embætti í sálarfræði handa þessum manni, til þess að hann athugaði það á sumrin, hversu nota mætti sálarfræðina til að bæta vinnubrögð í landinu. Þetta vildu menn ekki í Nd., en háttv. Ed. setti inn það skilyrði fyrir styrkveitingunni, að hún skyldi vera til sálfræðilegra rannsókna. Jeg tel hana þar með hafa varnað því, að með rjettu mætti hlægja að þinginu. Og hún hefir gjört mannum hægra fyrir að þiggja styrkinn

og þar með að sumu leyti komið í veg fyrir, að við mistum af góðum manni, því annars mundi hann hafa þegið hið sómasamlega tilboð, sem honum hefir komið vestan um haf, að taka að sjer kennarastöðu við þennan íslenska skóla í Winnipeg. Ýmislegt fleira mætti jeg þakka Ed. fyrir.

Sjerstaklega verð jeg að þakka henni, að hún hefir með undirtektum sínum borið mig undan ámæli ýmsra manna í Nd., því ámæli, að jeg vildi eyða landsfje til litilla þarfa. Nú munu þeir menn eigi treystast, að festa það ámæli við Ed., sem lítið vit og illur vilji hafa reynt að koma á mig.

Jón Þorkelsson: Jeg ætlaði mjer ekki að tala í þessu máli, eu einungis af því, að hv. þm. V.-Sk. (S. E.) ávitaði mig fyrir framkomu mína, verð jeg að segja nokkur orð. Jeg skildi orð hans svo, að atkvæði mitt rjedi úrslitum þessa máls, en það gjörir það því miður ekki.

Jeg hafði að visu gjört grein fyrir atkvæði mínu í Ed., og hugði jeg, að hv. þm. V.-Sk. (S. E.) hefði verið þar viðstaddur og heyrt röksemdir minar. En það litur nú út fyrir, að hann hafi ekki verið ánægður með þær, og þess vegna stend jeg nú upp til að gjöra enn grein fyrir afstöðu minni til þessa máls að lokum.

Jeg er sammála þessum fráma og ráðvanda þm. um nauðsyn þessarar brúargjörðar, enda hefi jeg sýnt það áður, því að það er oflofslaust, þótt jeg segi það, að þetta mál hefði vist ekki komist langt áleiðis 1911, ef jeg hefði ekki skift mjer af því. En hitt er annað mál, hve nær verkið á að koma til framkvæmdar.

1913 sat hv. þm. V.-Sk. (S. E.) hjer á þingi, og gjörði þá tilraun til þess, að fá þessa brú samþykta. En þingið fjelst ekki á það þá, enda þótt ekkert væri athugavert við fjárhag landsins. Því skyldi það þá fremur fallast á þetta nú, þegar

Ástandið er eins og allir vita. Hv. þm. sat á þingi 1914, og hefði þá eflaust sem stjórnhöfuð getað fengið samþykkt heimildarlög til að láta gjöra brúna, en honum hugkvæmdist það ekki. Á þessu þingi tefir hann nú elt hverja umræðu fjárlaganna með brtt. um þessa brúargjörð. Þótt jeg geti ekki verið með þessari fjárveitingu að þessu sinni, stafar það ekki af því, að hann er þingmaður Skaftfellinga, og jeg hefi aldrei viðhaft þau orð. Hitt hefi jeg sagt, að þessi hávirðulegi þingmaður hafi hagað sjer þannig í fjármálum á þessu þingi, að hann hafi litla forsjálni sýnt í því, að auka tekjur landsins, eu aftur á móti lagt kapp á það, að ausa stóreflis fjárveitingum úr landssjóði, ef hann hefði fengið því við komið. Verði þetta fje veitt nú, og verkið framkvæmt, þá þykir mjer ekki ólíklegt, í þessu árferði, að það kæmi til að kosta 156 þús. kr., en ekki 78 þús. kr. — yrði með öðrum orðum helmingi dýrara en ráð er gjört fyrir. Raunar stendur sú athugasemd við liðinn, að fresta megi framkvæmd verksins þetta fjárhagstímabil. En eigi það að liggja niðri, hvaða kappsmál getur þá hv. þm. (S. E.) verið að fá þessa brtt. samþykta. Því verður ekki neitað, að slys geti viljað til í ánni, en við því verður ekki gjört, þar sem ástæður leyfa ekki brúargjörðina. Það verður allt að skeika að sköpuðu. Jeg mun því greiða atkvæði móti þessari brtt. að þessu sinni.

Guðmundur Hannesson: Það er að eins órlitil athugasemd út af orðum hv. framsm. fjárlaganefndar Nd. (P. J.) um launahækkun Sigurðar docents Sivertsen. Hann sagði, að ekki þyrfti að hækka laun annara docenta við Háskólann. Mjer er það ekki ljóst, hver munur er á kjörum þessa kennara og hinna. Enda þótt hann kenni nokkru fleiri tíma á viku, þá ber þess að gæta, að kennararnir vinna ekki að eins þá tíma, er þeir sitja í kenslu-

stundum, heldur verja þeir eins miklum eða meiri tíma í þarfir embættis síns utan kenslustundanna.

Framsm. fjárl.n. Ed. (Magn. Pjeturss.): Jeg skal vera stutturður, enda býst jeg við, að menn sjeu farnir að verða þreyttir á þessum löngu umræðum.

Það mátti ráða það af orðum hv. þm. V.-Skaft. (S. E.) um Jökulsárbrúna, að Ed. hefði felt þann lið burtu, vegna þess, að hana hafi brostið kunnugleika á málinu. Þetta er ekki rjett. Hún var því nógu kunnug, til þess að geta borið saman ástæðurnar fyrir þessari fjárveitingu við þörfina annarstaðar á landinu. Jeg þakka honum fyrir landafræðiskensluna, sem þó var að mestu leyti óþörf. Ástæður hans voru allar góðar, en engar þeirra svo, að ekki mætti færa þær fyrir fjárveitingu til brúargjörðar á fjölda margar aðrar ár á landinu. Það er mesti fjöldi af ám, sem renna gegnum læknishjeruð, eða tefja menn við fjárrekstra, og menn hafa druknað í hópum saman. Jeg nenni ekki að vera að telja þær upp til samanburðar, en margar hafa að þessu leyti orðið jafn drjúgar og Jökulsá. Það væri óneitanlega skemtilegt, að geta brúað þessa á, en þegar um slíkt er að ræða, þá verður að taka tillit til þess, sem mestu máli skiftir í þessu efni, *samgönguþarfanna*. Og þær eru ekki eins miklar á þessum stað og víða annarsstaðar. Eftir því, sem landsverkfræðingi farast orð, þá er þetta ekki fyrsta áin, sem þarf að brúa, heldur sú 3. eða 4. í röðinni. Hv. þm. (S. E.) talaði mörg eggjunarorð um líkin, sem lægju í þessari á, en það eru margir, sem gætu hrópað jafnhátt, ef þeir vildu. Jeg fæ ekki heldur sjeð, hvert gagn er að þessari fjárveitingu, þar sem ekkert útlit er til þess, að hægt verði að leggja út í fyrirtækið á komandi fjárhagstímabili. Og þótt það væri hægt, fjárhagsins vegna, þá væri ekkert vit í því, vegna þess, hve verk-

ið yrði miklu dýrara nú en ella, sökum verðhækkunar á efni og flutningi. Flutningsgjaldið eitt mun nema 2—3000 kr. meir en endranær, að því er landsverkfæringur segir. Og þetta er einn af minstu liðunum.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta, en snúa mjer að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og brtt. hans um styrkinn til búnaðarfjelaga. Þessi styrkveiting hefir verið að þvælast á milli deilda, og er það því undarlegra þar sem nefndirnar í báðum deildum, og Ed. nefndin einróma, höfðu lagt til, að þessi styrkur væri feldur burtu. Því hefir verið haldið fram, að það væri hættulegt að kippa honum burtu, vegna þess, að hann hefði verið mönnum til uppörfunar í búnaðarframkvæmdum. Það gæti verið nokkuð til í þessu, ef meiningin væri sú, að fella hann burtu fyrir fult og alt, en allir vita, að hjer er að eins um komandi fjárhagstimabil að ræða. Það veit jeg að hv. þm. segja mönnum heima í hjeruðum, svo að engum blandist hugur um, að hjer er að eins um bráðabirgða sparnað að ræða. Jeg get ekki sjeð annað, en bæundur sjeu vel sæmdir, þó þeir sjeu án þessa styrks, sem var hlutaður niður í svo marga parta, að engan munaði um hann. Það er mjög óviðeigandi í þessu sambandi, að vera að tala um fjárveitinguna til líffærafræðings og nefna hana bitling, því það tel jeg einhverja allra þörfustu fjárveitinguna á þessu þingi. Jeg hefi aldrei getað sjeð, að þessi styrkur til búnaðarfjelaga væri annað en nokkurs konar bitlingur til bænda, og ef þeim er það svo á móti skapi, að veita bitlinga, þá ættu þeir í einu hljóði að greiða atkv. með því, að þessi styrkur fjelli burtu, til þess að sýna, að hugur fylgdi máli. Annars hefi jeg tekið eftir því, að þeir menn, sem alt af eru að klifa á bitlingunum, eru einmitt hinir gráðugustu til að ná í bein fyrir sín kjördæmi eða sína stjett. Út af þeim orðum, sem hafa fallið í þá

átt, að fjárveitingin til Alex. Jóhannessonar og Jakobs Jóhannessonar, væri visir til stofnunar nýrra embætta, þá vil jeg benda á það, að fjárveitingin var sett inn í 15. gr. einmitt í því skyni, að þeir menn, sem alstaðar þurfa að hengja hattinn sinn á, gætu ekki hengt hann á þennan snaga.

Þá kem jeg að húsmæðrakenslunni á Eyrarbakka. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) fanst Ed. hafa verið misvitur þar, og brá henni um hlutdrægni, *ef ekki annað verra*. Þessu vil jeg mótmæla. Ed. feldi styrkinn burtu, vegna þess, að hún hafði viðari sjóndeildarhring en hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og vildi ekki skapa misrjetti milli einstakra hjeraða. Hún var hrædd um, að ef veitt væri fje til þessarar kenslu, þá myndi af því leiða, að líkum námskeiðum, sem haldin eru í öðrum hjeruðum, yrði komið á fastan fót, og vitanlega eiga þau þá jafnmikinn rjett til styrks, eins og þetta. Að bera þetta saman við þá húsmæðra kenslu, sem nú er styrkt af landinu, nær ekki nokkurri átt, því að hjer er að eins um tveggja til þriggja mánaða tíma að ræða.

Þá kem jeg að fábjana-fjárveitingunni. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að sumar fjárveitingar þingsins væru nokkuð fábjanalegar, og sjerstaklega efri deildar. Það má vel vera frá *hans sjónarmiði*, og tel jeg það engan löst. Það var ekki vegna þess, að Ed. kannaðist ekki fúslega við, að hjer væri um vandræða mál að ræða, að hún feldi burt þennan styrk. En það er vitanlegt, að hjer á landi eru um 100 fábjanar, og sje gjört ráð fyrir, að um 50 þeirra standi líkt á og um þennan sjúkling, þá ætti þingið, ef það vildi vera sjálfu sjer samkvæmt, að veita 17,500 kr. Hjer er það sem fyrr, að Ed. hafði viðari sjóndeildarhring en hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og vildi því ekki taka þessa fjárveitingu upp í fjárlögin. Ef hv. þm. hefði stungið upp á því að veita 20000 kr., til þess að svona sjúklingar gætu fengið hæli, þá hefði jeg

getað orðið með því, en jeg verð að leggja á móti því, að einn sjúklingur sje tekinn út úr. Það er hættulegt fordæmi, ef ekki er til þess ætlast, að veita svona styrk alment.

Hv. 2. þm. Eyf. (St. St.) talaði mörg og fögur orð fyrir brtt. sinni, og jeg efa ekki að hann hafi mikið til síns máls. En það er svo ilt að gjöra upp á milli einstakra vega. Til þess þarf kunnugleika, og jeg býst við því, að nefndin í Nd. hafi verið þessu máli kunnugri en nefndin í Ed., og má því ekki lá Ed., þó hún færi eftir því, sem Nd. lagði til, einkum þar sem fjárveiting þessi hafði áður verið feld í Nd. með miklum atkvæða mun. Jeg verð að telja þá menn sæla, sem eru svona kappsamir í því, að afla kjördæmum sínum fjár úr landssjóði; þeir eru sælir í sinni þröngsýni. Hv. 2. þm. Eyf. (St. St.) ætti nú að láta sjer nægja, að koma heim í hjer- að sitt og segja, að hann hafi gjört það, sem hann hafi getað.

Um sjálfan mig er það að segja, að jeg hafði á samviskunni þjóðveg, sem kjösendur mínir báðu mig að fá fjárveitingu til, en eins og sakir standa nú, álit jeg ekki rjett, að halda því til streitu, og fór því þess vegna ekki á flot. Menn verða að líta jafnframt á hag landsins og einblina ekki á það eitt, að toga sem mest úr landssjóðnum í sín kjördæmi. Sá reipdráttur lýsir alt af mikilli þröngsýni og kosninga beitingu,

Sturður Eggerz: Hv. frsm. fjárl.n. Ed. (M. P.) talaði af mikilli ósanngirni um brtt. mína. Hann þakkaði mjer í háði fyrir landafræðisupplýsingarnar, en sýndi það, þegar hann fór að tala um málið, að hann hafði ekki minstu hugmynd um, hvernig ástatt er þar eystra. Hann sagði, að ótal margar ár væru jafn hættulegar og Jökulsá. Þetta veit hver einasti maður, sem nokkuð þekkir til, að er rangt. Ef lítið er á þær brýr, er samþykkt hefir verið að

gjöra núna, þá sjá allir, að miklu minni þörf hefir verið á þeim brúm en þessari. Það eru alt smásprænur, eins og Bleikdalsá, Ólafsfjarðarós, Hamarsá, Ljá og svo frv. Hann sagði að samgönguþörfin krefðist þess fremur, að ýmsar aðrar ár væru brúaðar en Jökulsá. Þetta er ekki rjett, því þó brún ástæða sje til að brúa Eyjafjarðará, þá á þó þessi brú að ganga á undan, og sýndi jeg það með atkvæði mínu, þegar sú brú var til umræðu, að jeg var henni hlyntur. En svo ber þess lika að gæta, að Jökulsá er miklu mannskæðari, en nokkurt annað vatnsfall á landinu. Hv. frmsm. (M. P.) bar brigður á þetta, og kendi þar litillar þekkingar hjá honum. Jeg býst ekki við, að hann geti nefnt mjer nokkra á, er tekið hafi 40 mannslíf, sem talin hafa verið. Og jeg er sannfærður um það, að þó að hv. frsm. (M. P.) sje nú, í skjóli við meiri hlutaun, stæltur í því, að ráðast á þetta fyrirtæki, þá mundi hann, ef hann væri kominn út í miðja Jökulsá og vatnið væri hestinum á miðjar síður, og jeg spyrði hann, hvort hann vildi nú greiða atkvæði með Jökulsárbrúnni, — þá mundi hann gugna og svara spurningu minni játandi. Það hafa meiri kappar en hann orðið fullhræddir, þegar þeir hafa farið yfir Jökulsá.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, þá skal jeg geta þess, að haldi verðhækkunin áfram, þá útilokar athugasemdin við liðinn, að verkið verði framkvæmt. En stríðið getur hætt, efnið lækkað í verði, og þá er ástæða til, að þessi á sje brúuð. Annars virtist hv. frmsm. (M. P.) ákaflega ósanngjarn og varpaði hnútum að öllum, sem komið hafa fram með brtt.

Jeg get ekki tekið það til mín, sem hann sagði að menn væru að beita kappi, til þess að ná í bitlinga fyrir kjördæmi sín, því að þó að rik þörf sje í mínu kjördæmi, bæði á smábrúm, sínum og vegum, þá hefi jeg ekki komið með nein- ar tillögur til fjárveitingar til þess, nema

þessa. Og jeg gjöri það ekki af því, að jeg sje þm. V.-Skraft., heldur vegna þess, að jeg álit það skyldu alls landsins, að mann-skæðustu torfærurnar sjeu teknar burtu. Það er ekki nema sanngjörn mannúðar-krafa.

Skal jeg svo ekki lengja meira umr., en að eins mæla með styrknum til búnaðarfjelaga. Mig undrar að heyra háttv. þm. Strand. (M. P.) kalla þenna styrk bitling, og finst það sitja illa á honum.

Jósef Björnsson: Jeg skal ekki tefja tímenn með langri ræðu.

Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra örfáar athugasemdir, lútandi að viðaukatill. á þskj. 990, og þá fyrst og fremst að röksemdum hv. tillögumanns, 1. þm. Árn. (S. S.), sem mjer þóttu að sumu leyti ekki viðeigandi. Þar til má nefna það, að hv. þm. taldi líklegt, að búnaðarfjelögin mundu leggja niður starfsemi sína, svo framarlega sem styrkurinn væri feldur burt. Jeg hefi meira traust á þessari starfsemi en svo, og skoðun bænda á gagnsemi hennar, að jeg geti búist við því, að búnaðarfjelögin legðust niður við brottfall styrksins, jafnvel þó meiri væri en hjer er um að ræða.

Í annan stað var hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hræddur um, að skýrslur um jarðabætur mundu falla niður við brottnánn styrksins. Ekki get jeg verið honum sammála um það. En hitt get jeg ímyndað mjer, og hefi ætið verið hræddur um, að framkvæmdir mælinganna, eins og þær hafa verið á síðari tímum, biðu nokkurn hnekki, ef styrknum væri kipt burtu, því það er öllum vitanlegt, að styrksúthlutunin hefir verið bundin því skilyrði, að mælingarnar hafi verið framkvæmdar af einstökum mönnum, sem búnaðarsamböndin hafa tilnefnt. Af þessu hefir leitt sjerstakan kostnað, og má vera, að bændur legðu ekki mælingarnar á sig með sama hætti sem áður, ef þessari hvatningu, búnaðarfjelagastyrknum, væri kipt burt.

Á þann hátt get jeg verið samþykkur hv. tillögumanni (S. S.), að með brottfalli styrksins mundu búnaðarsamböndin síður framkvæma þau verk, sem þau hafa áður haft á höndum, að miklu fyrir þetta fje, þótt ekki geti jeg verið honum sammála um það, að búnaðarstarfsemi og búnaðarskýrslur mundu hverfa. Með þeim ummælum er lýst vantrausti á bændum, sem jeg fyrir mitt leyti undirskrifa ekki.

Túnamælingarnar eru alveg sjerstaksöðlis, og mjer fanst hv. 1. þm. Árn. (S. S.) byggja allmikið á því, að búnaðarsamböndin hefðu þær með höndum, sem þeim þó alls ekki er ætlað í lögum.

Þótt jeg nú þannig sje ekki sammála hv. tillögumanni (S. S.) að öllu leyti, þá mundi jeg samt ekki hafa staðið upp þess vegna, ef það hefði ekki komið til, að hv. þm. Strand. (M. P.) leyfði sjer að kalla þenna styrk, búnaðarfjelagastyrkinn, bitling, þó ekki eingöngu af því, að hann ljét sjer þessi orð um munn fara, heldur mest fyrir þá sök, að nú í sumar hefir þessara ummæla gætt mjög, bæði innan þings og utan. En hvernig getur það komist í samjöfnuð við venjulega bitlinga, sem kallaðir eru, að maður, sem á jörð sinni vinnur jarðabætur fyrir mörg hundruð króna, fái örfáa aura fyrir dagsverkið?

Það er ekki rjett að halda því fram, að styrkurinn sje nauðsynlegur til þess, að halda við jarðabótum. Það nær ekki nokkurri átt, því að svo smásálarlegir eru íslenskir bændur ekki, enda vita allir, að jarðabætur borga sig. En svo virðist, sem sóttveiki hafi tekið þenna bæ í sumar sjerstaklega, og jafnvel þingið líka, sem lýsir sjer í öfund á bændum og framleiðendum þessa lands yfirleitt. Þessi sótt hefir gengið svo langt, að til þess er vitnað í blöðunum, að bændastjettin geti þegið af bæjarbúum, sjómannastjettinni, að styrkja sig. Í einu af dagblöðum höfuðstaðarins var eitt sinn fyrir skömmu vitnað í styrk,

sem bændur gætu fengið af sjer að þiggja af bæjarmönnum og öðrum, fyrir að flytja út smjör, styrk, sem alls ekki hefir verið til á síðustu árum. Svona langt hefir öfundar-heimskan komist. Það, sem lá til grundvallar fyrir þeim styrk, á sínum tíma, var það, að þingið vildi hvetja menn til framkvæmda. Þegar framkvæmdin var á komin allviða, var smjörstyrknum kipt burtu. Og búnaðarfjelagastyrkurinn er miðaður við framhaldandi framkvæmdir á nýjum brautum, og þess vegna álitinn beint bundinn við nýjar framkvæmdir.

Jeg vil minna á það, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) láðist að minnast á, en það eru styrkskilyrðin, en ekki þarf jeg að fa langt út í það mál nú, með því að mörgum er það kunnugt, af því að það hefir verið nýlega til meðferðar að styrkúthlutun til jarðabóta er bundin við alnýjar húsabyggingar yfir áburð o. fl.

Enda jeg svo orð mín með því að *mót-mæla*, að þessi styrkur sje á nokkurn hátt bitlingur, og í annan stað *mót-mæli* jeg því, fyrir hönd allra íslenskra bænda, að þeir haldi ekki áfram öllum sínum framkvæmdum í búnaði, þó kipt verði burt þessum mjög svo litilfjörlega styrk.

Að öðru leyti læt jeg mig tillöguna litlu skifta.

Framsm. fjárl.n. Ed. (Magn. Pjeturss.): Jeg stend að eins upp til þess að svara einni af hnötum þeim, sem hv. þm. V.-Skaft. (S. E.) varpaði til mín. Hann sagði, að ef jeg hefði nokkurn tíma komið út í ána, þá mundi hjartað í mjer hafa komist neðarlega. Jeg hefi oft riðið vötn, ef til vill eins oft og hann, en ekki hefir mjer komið til hugar, að hlaupa strax til þingsins, til þess að fá hvert vatn brúað, sem jeg hefi farið yfir og *orðið hræddur í*, en það virðist ástæða til að ætla, að svo hafi farið fyrir hv. þm. V.-Skaft.

Framsm. fjárl.n. Nd. (Pjetur Jóns-

son): Það eru að eins órstuttar athugasemdir.

Jeg sem bóndi tek undir með hv. 2. þm. Skagf. (J. B.), er hann mótmælti fyrir hönd bændastjettarinnar, að búnaðarfjelagastyrkurinn væri bitlingur til hennar. Bændastjettin mun vissulega ekki láta það aftra framkvæmdum sínum, þó að sá styrkur verði látinn falla niður.

Annað atriði var út af orðum hv. þm. Strand. (M. P.), er hann sagði, að ekki mundi geta skilist svo, sem í launum Háskólakennaranna væri síra Sigurði Sivertsen ætluð persónuleg launaviðbót, af því að þess væri ekki getið í frv. Nú eru laun hans 2800 kr., en í nefndarálitinu er beint tekið fram, að honum sje ætluð 400 kr. launaviðbót, svo að ómögulegt er um þetta atriði að villast.

ATKVGR.:

Brtt. 1006 feld með 26 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:

nei:

Benedikt Sveinsson,	Magnús Pjetursson,
Bjarni Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Einar Arnórsson,	Björn Hallsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Magnús Kristjánsson,	Björn Þorláksson,
Matthías Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Eggerz,	Guðm. Björnson,
Sigurður Sigurðsson,	Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Hannesson,
Stefán Stefáns. Eyf.,	Guðm. Ólafsson,
Þorleifur Jónsson.	Hannes Hafstein,
	Hákon Kristófersson,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Þorkelsson,
	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Karl Finnbogason,
	Ólafur Briem,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Gunnarsson,
	Stef. Stefáns., 3.kgk.,

*nei:*Steingr. Jónsson,
Sveinn Björnsson,
Þórarinn Benediktss.

Egert Pálsson greiddi ekki atkv., og var talinn til meiri hl.

Fjarstaddir voru Hjörtur Snorrason og Jón Magnússon.

Brtt. 1001 samþ. með 26 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

*já:*Benedikt Sveinsson, Magnús Pjetursson,
Björn Hallson, Sigurður Stefánsson,
Eggert Pálsson, Bjarni Jónson,
Einar Arnórsson, Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson, Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem, Karl Einarsson,
Guðm. Björnson, Karl Finnbogason,
Guðm. Eggerz, Ólafur Briem,
Guðm. Hannesson, Pjetur Jónsson,
Guðm. Ólafsson, Sveinn Björnsson,
Hannes Hafstein, Þórarinn Benediktss.
Hákon Kristófersson,
Jón Jónsson,
Jón Þorkelsson,
Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Sigurður Eggerz,
Sigurður Gunnarsson,
Sigurður Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,
Stef. Stefánss., 3.kgk.,
Stefán Stefánss. Eyf.,
Steingrímur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

Jósef Björnsson greiddi ekki atkv., og var talinn til meiri hl.

Brtt. 997 feld með 25 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

*já:*Benedikt Sveinsson, Magnús Pjetursson,
Bjarni Jónsson, Sigurður Stefánsson,
Eggert Pálsson, Björn Hallson,
Einar Jónsson, Björn Þorláksson,
Guðmundur Eggerz, Einar Arnórsson,
Hákon Kristófersson, Eiríkur Briem,
Jóhann Eyjólfsson, Guðm. Björnson,*já:*Jón Jónsson,
Jósef Björnsson,
Karl Einarsson,
Sigurður Eggerz,
Þorleifur Jónsson.*nei:*Guðm. Hannesson,
Guðm. Ólafsson,
Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,
Karl Finnbogason,
Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,
Sigurður Gunnarsson,
Sigurður Sigurðsson,
Stef. Stefánss., 3.kgk.,
Steingr. Jónsson,
Sveinn Björnsson,
Þórarinn Benediktss.

Þessir greiddu ekki atkv. og voru taldir til meiri hlutans: Björn Kristjánsson, Matthías Ólafsson, Skúli Thoroddsen og Stefán Stefánsson Eyf.

Brtt. 983,1 samþ. með 23 : 14 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

*já:*Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,
Eiríkur Briem,
Guðm. Björnson,
Hannes Hafstein,
Jóhann Eyjólfsson,
Jón Jónsson,
Jón Þorkelsson,
Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Pjetur Jónsson,
Sigurður Gunnarsson,
Stef. Stefánss., 3.kgk.,
Steingr. Jónsson,
Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson,
Þórarinn Benediktss.*nei:*Magnús Pjetursson,
Sigurður Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,
Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,
Guðmundur Eggerz,
Guðm. Ólafsson,
Hákon Kristófersson,
Jósef Björnson,
Karl Einarsson,
Karl Finnbogason,
Ólafur Briem,
Sigurður Eggerz,
Stefán Stefánss. Eyf.

Þessir greiddu ekki atkv., og voru taldir til meiri hl.: Guðmundur Hannesson, Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen.

Brtt. 989 feld með 20 : 10 atkv.

— 990 samþ. með 21 : 16 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:

Sigurður Stefánsson, Magnús Pjetursson,
Benedikt Sveinsson, Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson, Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson, Einar Arnórsson,
Einar Jónsson, Eiríkur Briem,
Guðm. Hannesson, Guðm. Björnson,
Guðm. Ólafsson, Guðm. Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson, Hannes Hafstein,
Magnús Kristjánsson, Hákon Kristófersson,
Ólafur Briem, Jón Jónsson,
Sigurður Eggerz, Jón Þorkelsson,
Sigurður Gunnarsson, Karl Einarsson,
Sigurður Sigurðsson, Karl Finnbogason,
Skúli Thoroddsen, Pjetur Jónsson,
Stef. Stefánss., 3.kgk., Sveinn Björnsson,
Stefán Stefánss. Eyf., Þórarinn Benediktss.
Steingr. Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

Björn Hallsson, Jósef Björnsson og
Matthías Ólafsson greiddu ekki atkv., og
töldust til meiri hlutans.

Brtt. 983,2 samþ. með 19 : 13 atkv.

— 983, 3 feld með 20 : 17 atkv. að
viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:

Björn Hallsson, Magnús Pjetursson,
Björn Kristjánsson, Sigurður Stefánsson,
Eggert Pálsson, Benedikt Sveinsson,
Einar Arnórsson, Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson, Björn Þorláksson,
Guðm. Eggerz, Eiríkur Briem,
Guðm. Hannesson, Guðm. Björnson,
Jóhann Eyjólfsson, Hannes Hafstein,
Magnús Kristjánsson, Hákon Kristófersson,
Ólafur Briem, Jón Jónsson,
Pjetur Jónsson, Jón Þorkelsson,
Sigurður Gunnarsson, Jósef Björnsson,
Sigurður Sigurðsson, Karl Einarsson,
Stefán Stefánss. Eyf., Karl Finnbogason,
Sveinn Björnsson, Matthías Ólafsson,
Þorleifur Jónsson, Sigurður Eggerz,
Þórarinn Benediktss. Skúli Thoroddsen,
Stef. Stefánss. 3. kgk.,
Steingrímur Jónsson.

nei:

Guðmundur Ólafsson greiddi eigi atkv.,
og taldist til meiri hlutans.

Brtt. 983,4 samþ. í einu hlj.

— 983,5 feld með 21 : 16 atkv. að
viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:

Björn Hallsson, Magnús Pjetursson,
Eggert Pálsson, Sigurður Stefánsson,
Einar Arnórsson, Benedikt Sveinsson,
Eiríkur Briem, Bjarni Jónsson,
Guðm. Björnson, Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein, Björn Þorláksson,
Jóhann Eyjólfsson, Einar Jónsson,
Magnús Kristjánsson, Guðm. Eggerz,
Matth. Ólafsson, Guðm. Ólafsson,
Ólafur Briem, Hákon Kristófersson,
Pjetur Jónsson, Jón Jónsson,
Sigurður Sigurðsson, Jón Þorkelsson,
Stef. Stefánss., 3.kgk., Jósef Björnsson,
Steingr. Jónsson, Karl Einarsson,
Sveinn Björnsson, Karl Finnbogason,
Þórarinn Benediktss. Sigurður Eggerz,
Sigurður Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánss. Eyf.,
Þorleifur Jónsson.

nei:

Guðmundur Hannesson greiddi eigi atkv.,
og taldist með meiri hl.

Frumv. svo breytt samþ. í e. hlj. og
afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 1015).

2. Fjárukalög fyrir árin 1914 og 1915.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept.,
og á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11.
sept., var útbýtt til meðferðar í samein-
uðu Alþingi

*Frumvarpi til fjárukalaga fyrir ár-
in 1914 og 1915,*

eins og það hafði verið samþykkt við
eina umr. í Ed. (A. 932).

Á 6. fundi í Sp., mánudaginn 13. sept., var frumvarpið tekið til umr. (A. 932, n. 969).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþ. í e. hlj. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 985).

3. Rafmagnsveitur.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 28. ágúst, og 45. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt til meðferðar í sameinuðu Alþingi
Frumvarpi til laga um rafmagnsveitur,
eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 599).

Á 4. fundi í Sp., fimtudaginn 2. sept., var frumvarpið tekið til umr.

Framsm. í Ed. (Guðm. Björnson):
Ástæðan fyrir því, að þetta frumvarp er

borið fram í sameinuðu þingi, er sú, að þá er frumvarpið hafði verið til einnar umræðu í neðri deild, gjörði hún tvær breytingar á því.

Fyrri breytingin var sú, að í 6. gr. frv. hafði efri deild viljað hafa 15 ár sem lengstan tíma fyrir einkaleyfi, veitt einstökum mönnum eða fjelögum, til að veita rafmagn. Þetta hefir hv. neðri deild ekki getað fallist á, og sett 20 ár.

Seinni breytingin, er gjörð var í háttv. neðri deild, er sú, að þar sem efri deild vildi, að gjald af hverri hústaug skyldi vera jafnt fyrir alla húsráðendur, leggur hv. neðri deild til, að það sje að tiltölu við virðingarverð hússins.

Nú hefir nefnd sú, er fjallaði um frv. í efri deild, fallist á, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþ. með 34 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi
(Sjá A. 721).

B.

Þingsályktanir.

I.

Þingsályktun, afgreidd til ráðherra.

Reikningslaganefndartillögur.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept. og á 50. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt til meðferðar í sameinuðu Alþingi

Tillögnum út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913,

eins og þær voru sp. við síðari umr. í Ed. (A. 712).

Á 6. fundi í Sp., mánudaginn 13. sept., var málið tekið til umr.

Framsögum. reikningslaganefndar neðri deildar (Magnús Kristjánsson): Það hefir komist fult samkomulag á milli nefndanna í deildunum um tillögur út af athugasemdum endurskoðunarmanna landsreikninganna 1912 og 1913. Hv. nefnd Ed. hefir viljað bæta tveim liðum við tillögur þær, sem samþ. voru í Nd.

Nefndin í neðri deild leit svo á, að fyrir þeim tveim atriðum, sem hjer er um að ræða, hefði verið gjörð nægilega glögg grein í nefndarálitinu á þgskj. 344. Nefndin í Nd. leit svo á, að í 9. og 11. athugasemdi við landsreikninginn 1913, lægi full glögg bending til landsstjórnarinnar, og að óþarfi væri að herða meira á stjórninni, en gjört er í nefndarálitinu á þgskj. 344. og taldi eigi þörf á að leggja þau fyrir þing-

id í tillöguformi. Hv. Ed. hefir lítið öðru vísi á þetta, og munum vjer ekki gjöra það að neinu kappsmáli; því vjer teljum, að á sama standi, hvort það sje tekið upp í sjálfar tillögurnar eða hitt, að stjórninni sje á anuan hátt gefin bending um vilja þingsins í þessu efni. Nefndin í Nd. getur fallist á breyting þá, sem gjörð hefir verið í háttv. Ed. á 6. lið tillaganna, með því sú breyting gengur einmitt í sömu átt, sem nefnd neðri deildar benti á; einungis vill hv. Ed. ákveða, hve margir nefndarmennirnir skuli vera og hve oft eftirlitið með búnaðarskólunum skuli fara fram. Nefndin í Nd. leit svo á, að þetta væri fremur reglugjörðaratriði, og ætti því fremur að taka það npp í reglugjörð en í tillögur þær, sem hjer liggja fyrir.

Að endingu skal jeg geta þess, að Nd. áleit fulltryggilega gengið frá tillögunum, eins og þær fóru frá henni. Þó get jeg lýst því yfir, fyrir hönd nefndarinnar, að hún mun eigi gjöra breytingar hv. Ed. að ágreiningsmáli.

ATKVGR.:

Tillögurnar samþ. með 32 samhlj. atkv. og afgreiddar til ráðherra sem

tillögur Alþingis.

(Sjá A. 986).

II.

Þingsályktanir um skipun nefnda.

1.

Samþykkt.

Endurskoðunarnefnd vörukaupa.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, og á 36. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt til meðferðar í sameinuðu Alþingi

Tillögu til þingsályktunar um kosningu nefndar, til þess að endurskoða reikninga yfir kaup og sölu á vörum þeim, er stjórnin hefir síðast liðið ár keypt fyrir landssjóðs fje. (A. 401).

Á 2. fundi í Sp., föstudaginu 20. ágúst, var till. tekin til meðferðar hvornig ræða skuli.

Forseti: Jeg leyfi mjer að stinga upp á einni umræðu.

ATKVGR.:

Ein umr. samþ. í e. hlj.

Á 3. fundi í Sp., þriðjudaginn 24. ág., var till. tekin til einnar umr.

Flutnm. (Guðm. Hannesson): Jeg þarf ekki að taka það fram, að þessi till., sem jeg og nokkrir fleiri háttv. þingmenn bera fram, er ekki sprottin af neinni tortryggni til stjórnarinnar eða Velferðarnefndarinnar.

Þessi ráðstöfun, er tekin var á síðasta þingi, var alveg nýstárleg í sögu vorri, og því var ekki nema eðlilegt, að það væri

ymsum getum að því leitt, hvornig hún mundi takast.

Sumir álitu, að þetta mundi vera byrjunin til þess, að landið tæki að sjer öll vörukaup, og líkaði það vel, en aðrir töldu slíka landsverslun óheppilega og varhuga-verða.

Mjer finst það þess vegna vera ofur eðlilegt, að almenningur vilji fá að vita, hvornig þessi vörukaup hafa tekist, hvort það hefir verið reikningslegur hagur að þeim eða ekki.

Eðlilegast hefði það verið, að nefnd þessi hefði verið kosin snemma á þinginu, en það hefir nú ekki orðið, og er þá betra seint en aldrei.

Vitanlega rekur að því, að þessir reikningar verði endurskoðaðir ásamt landsreikningunum, en þess er alllangt að biða og almenningur er forvitinn og vill fá að vita þetta sem fyrst. Og mjer finst ekkert á móti því, að svo sje gjört. Jeg sje ekki betur en það sje einungis þægilegt fyrir viðkomandi nefnd, að þetta sje gjört sem fyrst.

Annað finn jeg ekki ástæðu til að taka fram um tillöguna.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. í e. hlj.

Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutbundinni kosningu:

Matthias Ólafsson,

Bjarni Jónsson,

Guðmundur Hannesson,
Ólafur Briem,
Steingrímur Jónsson.

Á 7. fundi í Sp., miðvikudaginn 15. sept., var lögð fram skýrsla frá nefndinni. (Sjá A. 987).

Mælli þá

Frsm. (Steingr. Jónss.): Jeg hafði sjeð dagskrána í dag og bjóst við, að fjárlögin yrðu á undan skýrslu þessari, sem hjer er prentuð á þgskj. 987, og kom því ekki fyrr en þetta.

Annars er það sárfátt, sem jeg hefi að segja í viðbót við það, sem stendur í skýrslunni. Ef jeg ætti að finna að nokkru, er það helst það, að reikningar þessir voru ekki lagðir fyrir nefndina fyrr en gjört var. Það var slæmt að fá þá ekki fyrr en um mánaðamótin ágúst og september, þegar annir eru orðnar sem mestar. Ef það hefði verið gjört fyrr, hefðum við átt betri kost á að gjöra ýmsar athuganir um þessa verslun landsstjórnarinnar, sem ekki verða gjörðar nú. En um þetta þýðir ekki að sakast; það er ekki eingöngu stjórninni að kenna, heldur einnig þinginu, af því að það kaus nefndina svo seint.

Þegar nefndin fór að athuga það, sem fyrir henni lá, sá hún brátt, að ekki gat komið til mála, að gjöra reikningslega endurskoðun; tíminn til þingloka var alt of stuttur til þess, og of mikið að gjöra. Nefndin leit einnig svo á, að samkvæmt þingsályktunartillögum ætti hún aðallega að rannsaka, hvernig þessi verslun lands-sjóðs hefði borið sig, hve mikil hún hefði verið og hvernig henni hefði verið hagað. Þetta er það, sem nefndin hefir reynt að gjöra, enda þótt tíminn til þess hafi verið stuttur og mikið annað að gjöra.

Viðvikjandi endurskoðuninni skal jeg geta þess, að nefndin telur sjálfsagt, að allir reikningarir verði endurskoðaðir, fyrst í

3. skrifstofu stjórnarráðsins og síðan af endurskoðendum landsreikningarinnar, og auðvitað verða þeir eftir það lagðir fyrir Alþingi 1917.

Eins og sjá má af skýrslunni hefir þessi verslun landssjóðs numið hjer um bil 700,000 kr. með útsöluverði. Af öllum þessum forða hefir verið selt fyrir 530,000 kr., og þessi verslun gengið þannig, að netto-hagnaður fyrir landssjóð er kr. 18591,24. Sú niðurstaða hlýtur að þykja sæmilega góð; ekki af því, að það sje eftirsóknarvert, að landssjóður hafi beinan gróða af þessari verslun, heldur af því, að þótt gjört sje ráð fyrir rýrnun á þeirri vöru, sem eftir er, má ganga út frá því sem vissu, að versluuin hefir ekki í för með sjer teljandi tap fyrir landssjóð.

Það, sem landssjóður á nú óselt, er:

2281,46 tonn kol
1 sekkur kaffibaunir
70 tonn hafragrjón
117,475½ kg. sykur.

Það má búast við, að hagnaðurinn af vöru þeirri, sem þegar er seld, nægi fyrir þeim halla, sem stafa kann af rýrnun á vöruleifunum. Þó má búast við, að nokkur halli verði á sölunni á hafragrjónum, því þau eru dýr, og vonandi verður svo lágt verð á þeim í landinu, að selja verði þau með tapi. Nefndin álitur rjett, að selja þau strax, jafnvel þótt það yrði með halla, því að búast má við, að völsuð hafragrjón skemmist, ef þau eru geymd lengi. Viðvikjandi versluninni í heild sinni, álitur nefndin, að það hafi verið heppilegt fyrir landið, að ráðist var í að senda Hermod til Ameríku síðastliðið haust. Ekki þó af þeirri ástæðu, að með því væri fyrirbyggt, að vöruskortur gæti orðið. Til þess voru kaupin of litil. Það stóð víða svo á, að þótt vörubirgðir væru upphaflega litil minni en vanalega, þá voru þær keyptar upp af efnamönnum að miklu leyti. Þess vegna var það, að þótt kaupmenn og kaupfjelög birgðu sig upp, engu

minna en vanalega, þá hurfu þrátt fyrir það vörubirgðirnar, en úr því bættu lands-sjóðsvörurnar, í öðru lagi kom verðið á landssjóðsvörunum, þó það væri nokkuð hátt, í veg fyrir, að vöruverð stigi eins mikið og annars hefði mátt búast við. Jeg held því, að það hafi verið bæði skynsamlegt og rjettlátt, að ráðast í þessi vörukaup.

Það hefir mikið verið talað um, að afhendingin á þessum vörum hafi ekki verið sem heppilegust, og út úr því reis töluverð óánægja, enda má sjálsagt eitthvað að henni finna. Þegar á alt er lítið, hygg jeg að aðferð sú, sem höfð var við sölu-na, sem sje að láta kaupmenn ekki hafa forgangsrjett að henni, hafi verið heppi-leg, og jeg þori að fullyrða, að almenn- ingi líkaði það vel. Eftir bókunum að dæma, hefir skiftingin farið vel fram. Það má heita, að megnið af vörunni væri selt sýslunefndum, hreppsnefndum og bæjar- fjelögum, dálítið til kaupfjelaga og kaup- mönnum sáralítið. Ofurlítið hefir verið selt einstökum mönnum, en það er svo lítið, að engin ástæða er til að gjöra at- hugasemdir um það. Sama er að segja um skiftinguna; hún hefir komið ótrúlega jafnt niður. $\frac{1}{4}$ af vörunum var selt í Reykja- vik og nærsveitunum, Hafnarfirði, Seltjarnar- nesi, Kjalarnesi og Mosfellssveit. Hinir $\frac{3}{4}$ hlutar skiftust út um alt land og það mjög jafnt. Reyndar er hægt að segja, að Norðurland hafi helst orðið út undan og fengið tiltölulega heldur minna en Vest- firðir og Austfirðir, en á því er ekki orð gjörandi.

Jeg lit svo á, að vörukaupin frá Ame- riku hafi lánast vel. Það hefir verið einn höfuðókostur íslenskrar verslunar hingað til, hvað vörur hafa verið illa vandaðar, en jeg er að vona, að þetta samband við Ameriku muni bæta úr skák í þessu efni. — Um kolin er það að segja, að auðvit- að gátu þessar 5000 smálestir ekki full- nægt öllum þörfum, en þó komu þær vist að góðu haldi. Að minsta kosti mun

Reykvíkingum hafa komið vel að fá að kaupa kolin í smákaupum. Enn þá eru hjer um bil 2000 smálestir óseldar af kol- unum, og ber vist að lita svo á, sem það sje tryggingarvara. En þenna afgang er vist hægt að selja svo, að landssjóði verði skaðlaust, og sama er að segja um sykur- leifarnar. En ef hætta kynni að virðast á því, að sykuraðflutningur teppist, þá er sjálsagt að geyma þessar sykurleifar, þótt landssjóður ef til vill tapi eitthvað á þeim.

Nefndin bollalagði talsvert um það, hvort ekki væri rjettast, að landssjóður rjedið í ný vörukaup nú. En nefndin álitur þó, að sú spurning liggi fyrir utan sinn verka- hring. Að vísu lánaðist alt vel í fyrri, en kringumstæðurnar geta verið breyttar nú, og telur því nefndin rjettast, að leggja það fullkomlega á vald stjórnarinnar og Velferðarnefndarinnar, hvað gjöra skuli í þessu efni. Ef svo færi, að stofnað yrði til nýrra vörukaupa af landssjóðs hálfu, tel jeg rjett, að hreppsnefndum og opin- berum stofnunum verði gefinn forgangs- rjettur til kaupa, en þar næst kaupmönn- um og kaupfjelögum. En ef til vill þarf ekki að gjöra ráð fyrir slíku, því að það er flestra manna mál nú, að ekki þurfi að óttast siglingateppu hjeðan af, en þó er allur varinn góður, því að ástandið í heim- inum getur breytst dag frá degi.

Læt jeg svo útrætt um þetta mál.

Ráðherra: Í nafni fyrv. ráðherra og Velferðarnefndarinnar vil jeg þakka nefnd- inni störf hennar. Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til háttv. nefndar, hvort hún hafi rannsakað vöruleifar þær, sem enn eru eftir. Því hefir sem sje ver- ið hreyft, að nokkuð af þúðursykri muni hafa skemst, og nú þætti mjer gott að vita, hvort nokkuð er hæft í því, eða hvort fleiri vörur kunni að hafa orðið fyrir skemmdum.

Framsm. (Steingrímur Jónss.): Þess-

ari fyrirspurn verð jeg að svara á þá leið, að nefndin hefir ekki skoðað vörurnar, enda áleit hún það atriði liggja fyrir utan sinn verkahring. Hins vegar get jeg tekið það fram, að nefndin hafði spurnir um, að Velferðarnefndin hefði skoðað vörurnar, og ekki fundið neitt athugavert við þær.

Jósef Björnsson: Út af fyrirspurn hæstvirts ráðherra skal jeg taka það fram, að jeg ásamt tveim mönnum öðrum hefi skoðað vörurnar, og fundum við ekki neitt athugavert við geymslu þeirra. Að visu hafa nokkrir sekkir af púðursykri skemst lítið eitt, en þó eru þær skemdir ekki meiri en svo, að sykurinn er enn þá fullgöð verslunarvara.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi ekki getað lesið skýrslu nefndarinnar ofan í kjölinn, en jeg hefi skilið af framsögunni, að nefndin hefir ekki fundið neitt athugavert við gjörðir stjórnarinnar og Velferðarnefndarinnar í þessu máli. Eins og kunnugt er, vinnur Velferðarnefndin kauplaust, og virðist mér því ekki mega minna vera en að Alþingi ljeti á einhvern hátt í ljósi þakklæti sitt til nefndarinnar. Jeg vil því stinga upp á, að allur þingheimur standi upp, og lýsi með því ánægju sinni yfir störfum nefndarinnar.

Allir stóðu upp.

2.

F e l d.

Skólamálanefnd.

Á 6. fundi í Sp., mánudaginn 13. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skólamála. (A. 970).

Á 7. fundi í Sp., miðvikudaginn 15. sept., var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 8. fundi í Sp., sama dag, var tillagan tekin til einnar umr.

Forseti: Sökum þess, að hjer verður að leita afbrigða frá þingsköpunum, vil jeg, að fengnu leyfi hæstv. ráðherra, bera

undir hið háa Alþingi, hvort umræður skuli leyfðar.

ATKVGR.:

Afbrigðin feld með 21 : 15 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:

nei:

Magnús Pjetursson,	Benedikt Sveinsson,
Sigurður Stefánsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Arnórsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnson,	Einar Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Guðm. Eggerz,
Hannes Hafstein,	Guðm. Ólafsson,
Jón Þorkelsson,	Hákon Kristófersson,
Karl Finnbogason,	Jóhann Eyjólfsson,

já:
Matthías Ólafsson,
Sigurður Gunnarss.,
Skúli Thoroddsen,
Stef. Stefánss. 3.kgk.,
Sveinn Björnsson.

nei:
Jón Jónsson,
Jósef Björnsson,
Karl Einarsson,
Magnús Kristjánsson,
Ólafur Briem,
Sigurður Eggerz,
Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánss. Eyf.,
Stgr. Jónsson,
Þorleifur Jónsson,
Þórarinn Benediktss.

Þrír þingmenn fjarverandi.

Flutnm. (Karl Finnbogason): Með leyfi hæstsv. forseta vil jeg lýsa yfir því, að jeg álit, að hið háa Alþingi hefði ekki getað með neinum hætti frekar en þessari atkvæðagreiðslu sannað það, að fullkomin þörf er að ihuga skóla- og fræðslumál þessa lands.

C.

Kosningar.

I.

Velferðarnefnd.

1. Bráðabirgðakosning.

Á aukafundi í Sp. (á miðjum aftni), þriðjudaginn 17. ágúst, sem forseti hafði boðað samdægurs með „privat“-fundarboði, er gekk meðal þingmanna, var það fyrir tekið, sem hjer fer á eftir, án þess þó að forseti ljeti færa það til gjörðabókar.

Forseti: Jeg hefi, eftir ósk hæstvirts ráðherra, beðið háttv. þingmenn um að koma saman á þennan fund, til þess að ræða um, hvort kjósa skuli nú þegar fimm

manna nefnd, samkvæmt nýsamþykktum lögum frá Alþingi um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norð-urálfuófriðinum, og, ef það verður samþ., þá að kjósa nefndina. (*Steingrímur Jónsson:* Á ekki fundurinn að vera fyrir lokuðum dyrum? — *Sveinn Björnsson:* Það er ástæðulaust). Jeg sje ekki ástæðu til þess, að fundur þessi sje haldinn fyrir lokuðum dyrum, því það, sem hjer á að fara fram, er ekki með neinu móti neitt leyndarmál, og hæstv. ráðherra, er auk þess gefur hjer skýrslu yfir gjörðir Velferð-

arnefndarinnar og landsstjórnarinnar um þessi efni, er á sama máli og jeg um það, að óþarfi sje að fundurinn sje haldinn fyrir luktum dyrum.

En þar sem sumir hv. þm. óska þess, að fundurinn verði háður fyrir luktum dyrum, þá vil jeg bera það undir þingheim.

ATKVGR.:

Var því næst samþykkt með nærfelt öllum atkvæðum, að fundurinn skyldi haldinn fyrir opnum dyrum.

Ráðherra: Jeg vil leyfa mjer að lesa upp skýrslu stjórnarráðsins um ráðstafanir þær, sem gjörðar hafa verið til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfustyrjöldinni:

Eftirfarandi skýrsla er Alþingi hjer með send um ráðstafanir þær, sem gjörðar hafa verið af landsstjórninni í samráði við fimm manna nefnd þá, sem Alþingi síðastlíðið, sumar kaus til ráðuneytis landsstjórninni um ráðstafanir til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfustyrjöldinni.

Það, sem landsstjórnin í samvinnu við alþingisnefndina tók sjer fyrst fyrir hendur, var að gjöra ráðstafanir til að fá matvörur og kol handa landinu. Þegar stríðið hófst, voru tiltölulega lítlar birgðir af þessum vörum í landinu. Var fyrst leitað fyrir sjer um tilboð um sölu á slíkum vörum og leigu á skipum. Varð það niðurstaðan, að leigt skyldi skip til að fara hjeðan til New-York, og að landið keypti þar matvörufarm. Jafnframt voru gjörðar ráðstafanir til, að nægilegt sje gæti orðið í New-York til vörukaupa, og fjekkst það með því móti, að landssjóður tók, samkv. lögum frá 1. ágúst f. á., 500,000 þús. kr, víxil í Íslandsbanka, er borgaður var út í Kaupmannahöfn, og var þetta sje, auk 200,000 kr., sem landssjóður þá átti inni í aðalfjehirslu ríkisins, flutt, fyrir milligöngu

fjármálaráðuneytisins og Þjóðbankans í Kaupmannahöfn, yfir í banka í New-York. Til Ameríkuferðarinnar heppnaðist að fá á leigu, með haganlegum kjörum, norskt skip, hentugt til ferðarinnar. Eftir málaleitun, sem landsstjórninni barst frá Lagþingi Færeyja, var keypt fyrir Lagþingið og flutt með skipinu frá New-York, um 200 tonn af matvöru, sem skipið skilaði þar á ferð sinni til Noregs. Borgun fyrir þær vörur sendi Lagþingið til New-York á sama hátt og peningana hjeðan. Skipið fór hjeðan síðast í ágúst og tók hjeðan til flutnings til New-York ull, sem áður var seld þar. Samkv. tilmælum nokkurra síldarútvegsmanna, var skipið látið fara til Eyjafjarðar, til að taka þar saltaða síld, sem eigendurnir sendu til sölu í Ameríku; tókst salan þar vel, og voru sendendurnir ánægðir yfir útkomunni. Andvirði ullarinnar, 135,000 kr., var greitt inn á bankareikning landssjóðs í New-York, en borgað aftur hjer seljendunum, og jókst þannig innieign landssjóðs í New-York, en andvirði síldarinnar, 16,500 dollars, var flutt hingað með skipinu í gulli, og selt síðan Íslandsbanka = 3,73 $\frac{1}{2}$. Með skipinu frá Ameríku komu hingað um 472 tonn af hveiti, 141 tonn af overheadsmjöli, 100 tonn af hrisgrjónum, 112 tonn af völsudum höfrum, 158 tonn af maismjöli og 39 tonn af kaffibaunum; enn fremur voru í skipinu um 200 tonn af sömu vörum til Færeyja og á þilfari um 700 tonn af steinolíu hingað, sem seldar voru stjórn Fiskifjelags Íslands, og fjelagið síðan ljet ganga til ýmsra, er pantað höfðu steinolíu fyrir milligöngu þess frá Þýskalandi, en fjelagið fjekk ekki, vegna stríðsins. Fyrir kaupum á matvöru voru látni sílja sveitarfjelög, stofnanir, og fjelög einstakra manna. Var svo mikil eftirspurnin eftir þeim alstaðar af landinu, að ekki var hægt að selja vörurnar til kaupmanna, og

og eru þær nú fyrir löngu svo að segja uppsellar, og hafa farið út um allt land. Eftir eru að eins 32 sekkir af hveiti og 9 sekkir af kaffi.

Eins og getið var, voru í byrjun litlar kolabirgðir hjer. Var þá þegar í ágústmánuði f. á. ákveðið, að landssjóður keypti nokkuð af kolum, til þess að hafa fyrirbyggjandi. Með skipinu Hermod, sem leigt var til Ameríkuferðarinnar, voru tekin um 1400 tonn af kolum; af kolum þessum var fyrst tekinn sá forði, sem skipið þurfti til Ameríkuferðarinnar, um 300 tonnum var skipað upp í Hafnarfirði og selt þar síðan, er kolaskortur varð þar, og afgangurinn seldur Reykjavíkurbæ handa gasstöðinni hjer. Enn fremur voru keyptir 2 kolafarmar, sem komu hingað í septembermánuði, sem sje með skipinu „Falkness“ nærri 1700 tonn af skoskum ofnkolum, og með skipinu „Magnhild“ rúm 1100 tonn af enskum gufuskipakolum. Ofnkolafarmurinn var geymdur hjer fram yfir síðastliðið nýjár, en þá var orðið kolalaust hjer, og var sá farmur þá seldur hjer í smásölu fram eftir vetrinum til fólks hjer í bænum og nærsveitunum, eftir því sem til náðist. Um áramótin síðustu voru gufuskipakol einnig alveg þrotin hjer, og var þá botnvörpununum hjedan lánað bæði til fiskveiða og Englandsferða það mesta af nefndum gufuskipakolafarmi, gegn borgun í jafngóðum kolum; lítið eitt af þeim var og selt hjer til atvinnurekenda, er þurftu gufuskipakol til atvinnureksturs síns. Af þessum gufuskipakolafarmi á landssjóður nú fyrirbyggjandi og í lánunum, sem nú er verið að endurgreidda, um 1000 tonn. Í febr.mán., um það leyti er hafnarbannið á Englandi vofði yfir og lítið var um kol hjer, en mest af gufuskipakolum landssjóðs í útlánunum, eins og áður segir, þótti nauðsynlegt að landssjóður útvegadi nokkurn kolaforða, og var þá með skipinu „Polly“ keyptur 1080 tonna farmur

af gufuskipakolum, sem geymdur er hjer enn þá og ekkert hefir verið selt af.

Þegar skipið „Hermod“ var sent til Ameríku í fyrra haust, var gjört ráð fyrir, að nokkuð væri tekið af sykri, ef hann fengist með aðgengilegum kjörum í Ameríku, en það reyndist ekki svo, og var því enginn sykur keyptur þar. Að undanfögnu, fyrir stríðið, var mikið af þeim sykri, sem brúkaður hefir verið hjer á landi, komið frá Þýskalandi. Í fyrra haust var úllit fyrir, að sykurlutningur þaðan mundi hindrast, vegna ófriðarins, og var þá ákveðið að kaupa gegn um umboðssala hjer í bæ, sem hafði fengið leyfi til að flytja einn sykurfarm beint frá Þýskalandi, 156 tonn af sykri. Var það bæði gjört til að fylla farminn, svo hann fengist hingað, og kaupmenn hjer gætu fengið sykur, og til að eiga hjer nokkurn sykurförða, ef aðflutningur á sykri hindraðist. Af þessum sykri hafa hingað til að eins verið seld 30285 kg. af höggnum og toppasykri og 4400 kg. af steyttum sykri og þúðursykri, en eftir er hjer óselt 41711 kg. toppamelis, 69025 kg. kassamelis, 2100 kg. steyttur sykur og 8500 kg. þúðursykur.

Í fyrra haust var úllit fyrir, að ilt mundi að fá föðurbæti handa kúm frá útlöndum, en hann er mikið notaður, bæði hjer í bæ og í nágrenninu. Voru þá keyptir við Eyjafjörð 500 sekkir af síldarmjöli, sem selt var hjer kúaeigendum fyrri hluta vetrar.

Til að firrast skort á kjötsalti var síðastliðið haust keypt með skipi Zöllners frá Newcastle um 90 tonn af kjötsalti, er sumt var selt hjer strax og til Borgarness, en afgangurinn seinni hluta vetrar, er orðinn var saltskortur.

Það, sem fyrst gekk upp af Ameríkuvörunum, voru valsáðir hafrar; var þá um síðustu áramót leitað eftir tilboðum um sölu á þeim, en ekkert varð úr kaupum á þeim þá; hins vegar voru keyptir 700 sekkir af

völsuðum hafragrjónum, er „Gullfoss“ för til Ameríku í vor er leið. Nefndir hafrasekkir eru hjer enn fyrirbyggjandi, og hefir ekkert verið selt af þeim.

Til frammannefndra vörukaupa, með kostnaði við, þau hafa gengið um 600,000 kr., en ekki hefir þó sú fjárhæð verið úti í einu, því nokkuð hefir verið selt, áður en annað var keypt. Verðið á þeim vörum, sem seldar hafa verið aftur, hefir verið miðað við það, sem ætla mætti, að þær kæmu til að standa landssjóði í, þó með tilliti til þess, að tilætlunin var, að sumar af vörunum lægju óseldar nokkurn tíma sem forði til taks, ef á þyrfti að halda. Á þeim vörum, sem þegar hafa verið seldar, hefir orðið nokkur ágóði, og þær vörur, sem fyrir liggja óseldar, mundi mega selja nú yfir höfuð fyllilega fyrir það, sem þær standa landssjóði í. En hver niðurstaðan verður að lokum, er komið undir því, hve lengi vörur þessar verða geymdar, og hvað verður hægt að selja þær, er til sölu kemur. Hagur eða óhagur landssjóðs af öllum þessum ráðstöfunum, er einnig mikið kominn undir því, hve lengi fje það, sem landssjóður á innistandandi í New-York, er geymt þar, og hvert verð verður á dollurum, er það fje er slutt frá Ameríku eða selt hjer. Síðan í október í fyrra, hefir landssjóður átt um 600,000 kr. í New-York gegn 3% vöxtum, Þegar fje þetta var slutt til Ameríku í fyrra sumar, var verðið á dollar 3,77, en síðan hefir hann stigið mikið, og komst um tíma í vetur er leið upp í 4,15. Hvorki landsstjórnin nje alþingisnefndin hefir þó viljað selja fje þetta enn þá, því rjett hefir þótt að hafa þetta sem varasjóð í Ameríku, ef ástandið skyldi breytast svo í nálægum löndum, að ekki fengjust hingað nauðsynjar þaðan. Þó það kæmi fyrir, væri nokkur von að vjer gætum þá fengið nauðsynjar frá Ameríku, er vjer höfum skipakost, kol handa þeim til

vesturferðar og fje innistandandi í Ameríku til að kaupa fyrir. Nú sem stendur á landsjóður inni á 3% vöxtum í Garanty Trust Company í New-York doll. 148836,89, og verðið á dollar er nú 4,05. Væri þessi innstæða seld nú, mundi vinnast við verðmismun, frá því er hann var, er fjeð var sent, 41674 kr. 33 a. Vixill sá, sem tekinn var í Íslandsbanka til umræddra ráðstafana, er nú 500,000 kr., og af honum greiðast nú 6% p. a.

Eins og að framan getur, á landssjóður nú þessar vörur hjer fyrirbyggjandi óseldar:

Um 2080 tonn af gufuskipakolum, 700 sekki af völsuðum höfrum, 41711 kg. af toppamelis, 69025 kg. af kassamelis, 2100 kg. af steyttum sykri, 8500 kg. af þúdur-sykri, 32 sekki af hveiti, 9 sekki af kaffi.

Þess skal hjer enn fremur getið, að landsstjórnin og alþingisnefndin hafa á undanfögnu ári oft tekið það til athugunar, að hingað til lands fengist nægur forði af steinolíu, en af því að hingað til hefir ekki verið skortur á henni, og verð á henni hefir ekki stigið hjer ár hóft, hefir ekki þótt ástæða til, að landssjóður annaðist innkaup á steinolíu og festi fje í því.

Loks skal þess getið, að landsstjórnin og alþingisnefndin hafa alls átt með sjer 43 fundi.

Í stjórnarráði Íslands, 14. ágúst 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

Til

Alþingis.

Einar Jónsson: Jeg vil að eins segja örfá orð.

Jeg vildi skýra hinu háttv. Alþingi frá því, að jeg hefi í dag gengið í þau pakkhús bæjarins, sem landssjóðsvörur eru geymdar í, til þess að athuga vörubirgðir landssjóðs. Hefi jeg gjört þetta af því,

að jeg veit, að hæstv. ráðherra hefir ekki tíma til þess að athuga iðulega hvernig geymslu varanna er háttað, en hafði heyrt ávæning um, að ekki færi sem best um vörurnar.

Jeg hefi við þessa göngu komist að þeirri raun, að sumt af vörum þessum liggur undir skemdum, ef ekki er að gjört, sjerstaklega mun það aðgæsluvert með sykur, einkum strausykur og má ske fleira. Virðist mjer, að sumt af strausykurssekkjunum þoli ekki lengri geymslu á þeim sama stað. Jeg teldi því rjettara, að vörur þessar yrðu seldar hið bráðasta, því ella getur eigi hjá því farið, að landsjóður bíði tjón á þeim.

Jeg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir skýrslu hans, en jeg vona, að hann athugi það, er jeg nú mælti, hið fyrsta, svo vörunum verði forðað frá skemdum.

Jón-Jónsson: Jeg vildi að eins benda hæstv. ráðherra á það, að jeg verð að líta svo á, að ráðherra hljóti að bera ábyrgð á gjörðum þessarar væntanlegu nefndar. Jeg hefi heyrt hann segja, að hann mundi beygja sig undir meiri hluta þessarar nefndar, en það finst mjer harla varhuga-vert. Þingið getur ekki komið fram ábyrgð á hendur neinum, nema ráðherra. Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að til þess komi, að hann þurfi að sæta ábyrgð fyrir gjörðir sínar, en þar sem hann er annar aðili málsins, þá má hann ekki beygja sig undir annæra vilja, en verður að fara því einu fram, er hann sjálfur álitur rjett vera.

Mjer leikur talsverður hugur á að heyra skoðun ráðherra á þessu spursmáli.

Sveinn Björnsson: Jeg stóð upp til þess að fara þess á leit við hæstv. ráðherra, að hann gjörði svo vel að upplýsa háttv. alþingismenn um það, hversu mikill kostnaðurinn varð af för sendimann-

anna með Hermod til Ameríku. Gjóri jeg það vegna ýmissa sagna, sem um það efni hafa spunnist.

Úr því að jeg stóð upp, langar mig til þess að taka það fram, að mjer finst ekki, að neinn þm. þurfi að ganga að því grufliandi, að ráðherra beri vitanlega ábyrgð á öllum sínum gjörðum og þá eins þeim, er hann gjörir samkvæmt tillögum Velferðarnefndarinnar.

Ráðherra: Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) segir það alveg satt, að ráðherra hefir lítinn tíma til að ganga um í pakkhúsum og velta um pokum, til þess að gæta að, hvort vel fari um vörurnar. En jeg hefi látið gæta nýlega að vörunum, og mjer hefir verið sagt, að alt sje óskemmt. 36 sekkir af kornvöru, sem pantaðir höfðu verið, en ekki hafði verið vitjað um, lágu þó undir lítils háttar skemdum, og þess vegna voru þeir nýlega seldir. En það er vitanlega sjálf sagt, að hafa nánar gætur á vörunum og ráðstafa þeim þá, ef útlit er fyrir, að þær muni skemmast. Hins vegar er erfitt að sjá við því, að vörurnar rýrni eitthvað við geymsluna.

Jeg er háttv. 2. þm. N.-M. (J. J.) alveg sammála um það, að ráðherra verði að bera ábyrgð á öllum gjörðum stjórnarinnar. Og jeg hefi sjálfur einmitt fyrir skömmu síðan tekið þetta fram. Annars var það einnig tekið skýrt og skorin-ort fram á þinginu í fyrra, og væntanlega eru allir því sammála. Hvað hinu viðvikur, hvort ráðherra beygi sig fyrir meiri hluta nefndarinnar eða ekki, þá verður hann að ráða því sjálfur í hverju einstöku tilfelli. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sagt, hvort jeg muni ávalt gjöra það. Annars hygg jeg ekki, að hætta sje á að slíkt komi oft fyrir. Það hefir ekki komið nema einu sinni fyrir áður, að nefndin yrði ósammála, og þá fór stjórnin eftir álit

meiri hluta nefndarinnar, og get jeg ekki láð þáverandi stjórn, þó hún gjörði það, enda þótt jeg væri þá í minni hluta.

1. þm. Reykv. (S. B.) biður mig að upplýsa, hversu mikill kostnaðurinn hafi verið af för sendimannanna með Hermod til Ameríku. Ekki er nema rjett og skylt að verða við þeirri bön. Kostnaðurinn varð 3765 kr. 27 aurar.

Sigurður Eggerz: Það er að eins ór-stutt athugasemd út af því, hvort ráðherra hefði látið aðgæta nægilega oft vörurnar. Meðan jeg var ráðherra, ljét jeg oft skoða vörurnar, og fjekk jafnan þær upplýsingar, að öllu væri óhætt og ekkert hefði skemst.

Hvað viðvikur ræðu háttv. 2. þm. N.-M. (J. J.), þá er jeg hæstv. ráðherra alveg sammála um það, að hann verði að bera ábyrgð á öllum gjörðum stjórnarinnar, og þá eins fyrir það, þó hann fari eftir till. Velferðarnefndarinnar.

Annars finn jeg mjer skylt að taka það fram, að samvinna mín og nefndarinnar var í öllu hin ákjósanlegasta; enda voru till. nefndarinnar oftast í samræmi við það, sem jeg taldi hyggilegast. Mjer var því hin stakasta ánægja í að vinna með nefndinni.

Forseti: Fundarefnið er eingöngu það, hvort það eigi að kjósa nefnd eða ekki, og bið jeg háttv. alþm. að halda sjer við það.

Guðmundur Hannesson: Þó fundarefnið sje þetta, sem hæstv. forseti hefir drepið á, þá vænti jeg þess, að hann leyfi mjer að minnast lítið eitt á upplýsingar hæstv. ráðherra.

Mjer finst að vinkunnanlegra sje, áður en farið er að kjósa nýja nefnd, að háttv. alþm. sje gefinn kostur á að kynna sjer frekar störf fráfarandi nefndar. Þeir þurfa að fá að vita, hvort landið hefir skaðast

eða haft hagnað af kaupum hennar, en ekki eingöngu hvað mikið hefir verið keypt. Það er því eðlilegt, að mönnum gefist kostur á að sjá glögt yfirlit yfir þetta alt, og hvernig starfið hefir verið leyst af hendi, áður en ný nefnd er kosin. Mjer vitanlega hefir þetta hvergi komið greinilega fram, og er þó full þörf á. Eðlilegast er að kjósa nýja nefnd, til þess að rannsaka þetta mál.

Um kosningu sjálfrar Velferðarnefndarinnar ætla jeg ekki að tala, því jeg sje ekki, að um hana verði mikið rætt.

Guðmundur Björnson: Mjer finst rjettast, að menn snúi sjer nú að því, sem er efni þessa fundar, sem sje að ræða um það, hvort kjósa eigi nefndina núna, eða hvort því eigi að fresta. Jeg leyfi mjer að benda á það, að til lítills virðist vera að kjósa nefndina nú, því sú kosning er algjörlega ólögleg, og yrði að kjósa upp aftur, er lögin eru staðfest. Jeg er þess vegna algjörlega mótfallinn því, að kosningin fari fram núna, og það því fremur, sem ekki þyrfti að fresta kosningunni nema í nokkra daga, því þá verður staðfestingin á lögnum væntanlega komin. Jeg og sá flokkur, sem jeg tilheyri, óskar því, að kosningunni verði frestað.

En frá sjálfs mins brjósti langar mig til að taka undir með háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), sem benti á, að viðkunnanlegra væri, að þinginu gæfist kostur á að kynna sjer störf fráfarandi nefndar, áður en ný nefnd er kosin. Þingið hefir fengið að heyra, hvað nefndin hafi gjört, en því er ókunnugt um, hvernig hún hafi rækt starf sitt. Þingið veit ekkert um kaupverð á vörunum og ekki heldur um útsöluverð, nje um aðra ráðsmensku nefndarinnar. Jeg bið háttv. alþm. að taka eftir því, að mjer kemur ekki til hugar að væna nefndina um það, að hún hafi ekki leyst verk sitt vel af hendi, en jeg bendi einungis á,

að þinglegra er, að verk hennar sju rannsókuð, áður en ný nefnd er kosin. Og lang þinglegast er, að kjósa nú þegar nefnd manna, til þess að lita á verk Velferðarnefndarinnar, og skil jeg ekki í því, að það skuli ekki vera talið sjálfsagt.

Ráðherra: Út af því, sem háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) sagði, þá skal jeg geta þess, að jeg tel rjettast, að nefndin verði kosin nú þegar í stað, einkum ef svo reynist, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) hefir haldið fram, að vörurnar liggi nú undir skemdum; þá þarf að athuga hvernig vörunum eigi að ráðstafa, enda þótt jeg voni, að ekki sju mikil brögð að þessum skemdum. Þannig geta ýmisleg atvik borið að hendi, sem þingið getur ekki ætlast til að stjórnin leysi úr, án þess að geta ráðfært sig við nefndina.

Um reikningslegu hliðina er það að segja, að jeg hygg, að háttv. alþm. væru jafnær, þó jeg færi að lesa upp allar tölur, er hjer að lúta. Hins vegar vil jeg geta þessa, að ekki er nema sjálfsagt, að þinginu gefist kostur á að kynua sjer allar ráðstafanir nefndarinnar. Stjórnin hefir í því efni ekki neitt að dylja, og er mjer, — og jeg hygg að því sje eins varið með fyrverandi ráðherra (S. E.) — hin mesta ánægja í, að allar gjörðir nefndarinnar sju sem vandlegast athugaðar. Þó eitt-hvað verði þá að fundið, þá getur það orðið til leiðbeiningar fyrir þá nefnd, er nú tekur við. Yfirleitt ætti það að verða stjórninni gróði, að alt sje sem vandlegast rannsakað, og ef þingið kys nefnd í því skyni, þá eru henni öll plögg til reiðu, er stjórnin getur henni í tje látið.

ATKVGR.:

Samþ. að kjósa nefndina þegar með 23 : 16 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:

nei:

Magnús Pjetursson, Sigurður Stefánsson,

já:

Björn Kristjánsson, Björn Hallsson,
Björn Þorláksson, Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson, Eiríkur Briem,
Einar Jónsson, Guðmundur Björnson,
Guðmundur Eggerz, Guðmundur Ólafsson,
Guðm. Hannesson, Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason, Jón Magnússon,
Jóhann Eyjólfsson, Magnús Kristjánsson,
Jón Jónsson, Matthias Ólafsson,
Jón Þorkelsson, Pjetur Jónsson,
Jósef Björnsson, Sigurður Sigurðsson,
Karl Einarsson, Stef. Stefánss., 3. kgk.,
Ólafur Briem, Stef. Stefánsson, Eyf.,
Sigurður Eggerz, Steingrímur Jónsson,
Sigurður Gunnarsson, Þórarinn Benediktss.
Skúli Thoroddsen,
Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson.

Þeir Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson, Hákon Kristófersson og Karl Finnbogason greiddu ekki atkvæði, og voru taldir með meiri hluta.

Guðmundur Björnson: Má jeg biðja um stutt fundarhlje, til þess að Heima-stjórnarmenn geti að sinu leyti tilnefnt menn í nefndina.

Pjetur Jónsson: Má jeg spyrja um, hvort þetta eigi að vera fullnaðarkosning?

Forseti: Að sjálfsögðu er þetta ekki fullnaðarkosning, þar sem lögin eru ekki staðfest, því fullnaðarkosning og lögleg kosning í nefndina getur ekki farið fram, fyrr enn lögin hafa náð staðfestingu. En þingmenn hafa lýst því yfir með 23 : 16 atkv., að þeir vilji kjósa nefndina nú, og gildir sú kosning að eins þar til lögleg kosning fer fram.

Forseti Ed. (Stefán Stefánsson): Við þessa atkvgr. sögðu 19 já, en 16 nei. Mjer þykir það undarlegt, ef svo litill meiri hluti, að eins 3 menn, vilja þvinga það

fram, að nefnd þessi sje kosin nú þegar, því í lengsta lagi verður hálfur mánuður þangað til lögin hafa náð staðfestingu, og hægt er að kjósa nefndina löglega. Þessi kosning gildir því að eins fyrir óruttan tíma.

En hjer hefir verið minst á aðra nefnd, nefnd til þess að athuga gjörðir og reikninga Velferðarnefndarinnar. Mjer finst að þá nefnd mætti kjósa nú, og að hún gæti verið landsstjórninni til aðstoðar þar til lögin hafa náð staðfestingu, og Velferðarnefndin verður löglega kosin. Og þessi nefnd gæti líka athugað það, hvort nokkuð af vörunum liggur undir skemdum. Jeg vil mælast til þess, að jeg verði ekki neyddur til þess að kjósa í nefndina nú á þessari stundu.

Ráðherra: Út af ummælum háttv. 3. kgk. þm. (St. St.) vil jeg taka það fram, að í fyrra var Velferðarnefndin kosin á sama hátt og nú, og hafði þá enginn á móti því.

Sigurður Eggerz: Jeg fæ ekki skilið, hví menn fírast yfir því að kjósa nefndina strax. Mjer finst það vera afareðlilegt, að stjórnin vilji fá hana sem fyrst skipaða, til þess að geta ráðfært sig við hana.

Hvað það snertir að kjósa nefnd til að athuga gjörðir Velferðarnefndarinnar og stjórnarinnar um þau mál, þá finst mjer það ekki nema eðlilegt, að þingið vilji svo gjöra. Og það er líka hið æskilegasta fyrir stjórnina, og jeg, sem þáverandi ráðherra, er þess fýsandi, að svo verði.

Guðmundur Eggerz: Jeg vil mælast til þess, að það verði ekkert fundarhlje gefið. Hinir háttv. Sambandsmenn hafa eigi haft meira að gjöra á þinginu en við hinir, og hefðu því átt að geta verið búnir að því að koma sjer saman um hverja þeir tilnefna í nefndina.

Hvað það snertir, að kjósa nefnd til að

athuga gjörðir Velferðarnefndarinnar, þá hefi jeg ekkert á móti því, að svo verði gjört, en finst rjettast að gjöra það á fundi síðar.

Ráðherra: Mjer finst það vera óþarfa stífni hjá háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.), að vera á móti því, að fundi verði frestað um stund; mjer finst sjálf sagt að verða við óskhv. 5. kgk. þm. (G. B.) um fundarhlje, og vil mæla með því.

Benedikt Sveinsson: Mjer virðist það ekki geta komið til nokkurra mála, að þingnefnd sje kosin á þessum fundi, þar sem hann er alls enginn lögmaetur þingfundur. Slikt verður ekki gjört nema á lögmaetum fundi, sem háður er samkvæmt því, er þingskóp mæla fyrir. — Hitt finst mjer tilhlyðilegt, að sett sje síðar nefnd, til þess að athuga gjörðir stjórnarinnar um sölu á landssjóðsvörunum.

En eins og allir vita, er fundur þessi í alla staði ólögmaetur, og annaðhvort er, að kjósa þessa nefnd löglega, eða sleppa því að öðrum kosti.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð að líta svo á, að fundur þessi sje ekki á neinn hátt formlegur, og því geti hvorki ein eða önnur nefndarkosning farið fram á fundinum, og ef það á að þvinga fram kosninguna strax, þá mun jeg fyrir mitt leyti ganga af fundi.

Hvað það snertir, að kjósa nefnd til að athuga gjörðir Velferðarnefndarinnar, þá tel jeg það vafasamt, hvort það heyrir undir starf þingsins. Jeg tel það sje starf endurskoðunarmanna landsreikninganna, og að þeirri endurskoðun lokinni, ætti að leggja þá reikninga fyrir þingið.

Sigurður Stefánsson: Jeg er alveg sammála háttv. þm. N.-Þ. (B. S.) og þm. Ak. (M. K.) um það, að það sje ólöglegt og óformlegt að kjósa nefnd til að athuga

Velferðarnefnd: Bráðabirgðakosning; fullnaðarkosning; úrsögn fjöggra nefndarmanna.

gjörðir Velferðarnefndarinnar á þessum fundi. Jeg vil að nefndin sje kosin, en á löglegum fundi eftir lögmeiltan undirbúning.

Forseti: Jeg vil veita fundarhlje í 10 mínútur, samkvæmt framkominni ósk, svo háttv. þingmenn geti búið sig undir að tilnefna menn í nefndina.

Að afloknu fundarhlje var gengið til kosninga í nefndina, og var kosið með hlutbundinni kosningu, samkvæmt framkomnum óskum.

Á A-lista stóðu:

Skúli Thoroddsen
Benedikt Sveinsson

á B-lista:

Jón Magnússon,
Guðmundur Björnson,

á C-lista:

Jósep Björnsson,

á D-lista:

Sveinn Björnsson.

Kosningin fjell svo, að

A.-listi hlaut 9 atkv.

B. — — 15 —

C. — — 7 —

D. — — 8 —

og voru því kosnir í nefndina

Jón Magnússon með 15 atkv.

Skúli Thoroddsen með 9 atkv.

Sveinn Björnsson — 8 —

Guðm. Björnson — 7½ atkv. og

Jósep Björnsson með 7 atkv.

2. Fullnaðarkosning.

Á 3. fundi í Sp., þriðjudaginn 24. ág., var, samkvæmt dagskrá, tekið fyrir:

Kosning fimm manna nefndar, samkvæmt 1. gr. laga 21. ágúst 1915, til þess að vera landstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja

landið gegn afleiðingum af Norður-áljuófriðnum.

Í nefndina voru kosnir að viðhæðri hlutfallskosningu þeir:

Jón Magnússon,

Skúli Thoroddsen,

Jósep Björnsson,

Guðmundur Björnson,

Sveinn Björnsson.

3. Úrsögn fjöggra nefndarmanna.

Á 4. fundi í Sp., fimtudaginn 2. sept., var fyrir tekið, samkvæmt dagskránni:

Ákvörðun um úrsögn 4 manna úr „Velferðarnefndinni“ og kosning á ný.

Forseti skýrði frá, að ráðherra hefði með brjefi, dags. 1. sept., jafnframt því að senda útskrift úr gjörðabók „Velferðarnefndarinnar“, tjáð sjer úrsögn þeirra Jósefs Björnssonar, Sveins Björnssonar, Jóns Magnússonar og Guðmundar Björnssonar úr nefndinni, og farið þess á leit, að kallaður yrði sem fyrst saman fundur í sameinuðu Alþingi, svo að þingið gæti tekið lögmeita ákvörðun um lausn tjeðra nefndarmanna, ef þörf þykir, og ný kosning farið þá fram, lögum samkvæmt.

Pjetur Jónsson: Það er eiginlega ekki ánægjulegt starf, ef kjósa á nú á ný, í stað þeirra manna, er hafa sagt sig úr Velferðarnefndinni og þingið hefir ekki borið neitt vantraust til.

Jeg get lýst yfir því, fyrir mína hönd og minna flokksmanna, að það er ekki fyrir neina bilun á trausti til þessara manna, að atkvæðagreiðslan fór eins og hún fór um útflutningsgjald á útfluttum matvörum. Það hefir beinlínis verið um það rætt á flokksfundi, og lýst yfir af þeim mönnum í flokksnum, er á móti því greiddu atkvæði, að frumvarpið færi í nefnd, og um leið vörnuðu því, að þingið

fjallaði um málið, að það hafi verið langt frá því, að þeir hafi með þessu viljað sýna nefndarmönnum nokkurt vantraust.

Jeg ætla ekki að ræða ágreining þann, er hlaust af því, að frumvarpi nefndarinnar var vísað á bug. En jeg gjöri ráð fyrir, að mjer sje óhætt að bera þá ósk fram, fyrir hönd flestra þingmanna, að minnsta kosti míns flokks, að þessir menn taki aftur úrsögn sína. Og jeg trúi ekki öðru en menn verði mjer sammála um þetta, og atkvæðagreiðslan sýni það. Jeg hefi því leyft mjer að koma fram með svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

„Um leið og hver þingflokkur lýsir fullu trausti á þeim manni eða þeim mönnum, er hann kaus í nefnd samkvæmt 1. gr. laga 21. ágúst 1915, skorar þingið á þá þeirra nefndarmanna, er sagt hafa af sjer starfanum, að halda honum áfram, þrátt fyrir úrsögn sína, og verði þeir við því, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá“.

Verði þessi rökstudda dagskrá samþykkt, álit jeg, að þar með sje þá sama sem afturkölluð eða eydd sú móðgun, er þessir menn kunna að hafa álitíð, að sjer hafi verið sýnd.

Sigurður Gunnarsson: Þegar háttv. sameinað þing kaus í sumar þá menn, sem öllum er kunnugt hverjir eru, í Velferðarnefnd, kom mjer ekki til hugar, og engum alþingismanni, að það þyrfti að hreyfa við þeirri nefnd frekar. Því að það er óhætt að fullyrða það, að hver flokkur hafi valið þann mann úr sínum hóp er hann bar best traust til.

En nú er svo komið, eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.) tók fram, að nefndin hefir sjeð sig knúða til að biðja um lausn frá þessum starfa sínum.

Jeg skal nú í minu nafni, og nafni þess flokks, er jeg hefi verið í kosningasambandi við á þessu þingi, lýsa yfir því, að

við berum fult traust til þess manns, er við kusum, hv. 1. þm. Reykvíkinga (S. B.) og óskum allir, að hann vilji gjöra svo vel, að taka aftur lausnarbeiðni sína.

Enn fremur get jeg lýst yfir því í minu nafni og þeirra manna, er jeg nefndi, að við viljum vinna að því, að stjórnin og Velferðarnefndin fái eitthvert hæfilegt fje til umráða út af iskyggilegum horfum, er hv. Alþingi gæti komið sjer saman um, svo að hægt væri að starfa í ró og friði, það sem eftir er af þingtímanum.

Sigurður Eggerz: Jeg skal játa það, að mjer finst, að það, sem farið hefir fram á fundinum, sje dálítið skritið. Því að jeg sje ekki betur en að foringjar flokkanna sjeu að biðja Velferðarnefndina fyrirgefningar á því, er gjört var hjer í tollmálunum.

Jeg skildi hv. þm. S.-Þ. (P. J.) svo, að þetta væri nauðsynlegt, og hann talaði um móðgun, er Velferðarnefndinni hafi verið sýnd.

Jeg býst við því, að mjer verði fyrirgefið, þótt jeg vilji ekki taka þátt í þessari fyrirgefningarbeiðni. Jeg fyrir mitt leyti og fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, get lýst yfir því, að við álitum, að það, sem við gjörðum, hafi verið fyllilega rjett. Við litum svo á, að það hafi þegar verið lagðir svo miklir skattar á þjóðina, að það hefði ekki verið verjandi að leggja nýjan skatt á hana, síst þegar sá skattur nam um 800 þúsund króna, eða jafnvel alt að einni miljón.

Og það er mín skoðun, þar sem þessum skatti var þann veg farið, að ekki hafi verið ástæða til að draga það mál lengur. Frumvarpinu hafi ekki átt að vera skipað í nefnd, heldur hafi verið rjett að fella það strax, eins og gjört var.

Jeg skal svo að öðru leyti ekki ganga langt inn á þetta mál, en lýsi yfir því, fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, að það væri ekki tilætlunin að gefa nefndinni vantraustsyfir-

lýsingu. En kröfurnar til þjóðarheilla hljóta að vega meira en hitt, að nefndinni hafi þótt sárt, að tillögur hennar voru felðar.

Mjer er því óhætt að fullyrða, að Sjálfstæðisflokknum virðist ekki ástæða til að biðja Velferðarnefndina fyrirgefningar.

Að öðru leyti, hvað dagskrána áhrærir, þá er hún einkennilega samin, því þó sumir þingmenn kynnu að fallast á gjörðir þeirra manna, sem þeir hafa kjörð í nefndina, og gætu því verið samþykkir fyrri hluta dagskrárinnar, þá er endirinn þannig vaxinn, að hann felur í sjer traustsýfirlýsingu til allrar nefndarinnar.

Að öðru leyti vil jeg leyfa mjer að taka fram, að Sjálfstæðisflokkurinn á ekki neinn fulltrúa í nefndinni, þar sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir sagt sig úr Sjálfstæðisflokknum, eins og kunnugt er.

Þó ekki væri tilætlunin að gefa nefndinni vantraustsýfirlýsingu, þá er þó langt frá því, að við viljum gefa henni traustsýfirlýsingu, eftir að þessi frumvörp er feld voru í hv. Nd., voru lögð fram. Og munum við því greiða atkv. á móti rökstuddu dagskránni.

Pjetur Jónsson: Hv. þm. V.-Skaft. (S. E.) hefir misheyrst, þar sem hann sagði að jeg hafi talað um móðgun, er Velferðarnefndinni hafi verið sýnd. Jeg nefndi þá móðgun, er Velferðarnefndin kunni að hafa álitid, að sjer hafi verið sýnd. Þar með er ekki sagt, að svo hafi verið í raun og veru. En þá er ekki hægt að lýsa yfir því, að mín skoðun hafi verið þessi.

Jeg lit svo á atkvæðagreiðsluna um frumvarpið, að þeir, sem voru á móti útflutningstolli, hafi ekki þar með neitað allri hækkun á tekjum og tillögum um tekjuaukningu. Því sje jeg ekki, að neitt sje að því, að biðja þessa menn að sitja kyrra í nefndinni, þar sem þessi misskilningur er nú leiðrjettur, og að líkindum er hægt að fullnægja svo kröfum

landssjóðs, að störf nefndarinnar verði framkvæmanleg.

Jeg ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Og jeg sje ekki ástæðu til að andmæla hv. þm. V.-Skaft. (S. E.).

Forseti Nd. (Ólafur Briem): Jeg skal að eins gefa þá yfirlýsingu fyrir hönd flokks þess, er jeg telst til, að hann ber fullkomid traust til þess manns, er hann kaus í Velferðarnefndina, hv. 2. þm. Skagf. (J. B.); og í öðru lagi ætluðum við ekki að sýna Velferðarnefndinni í heild sinni neina móðgun eða vantraust.

Þetta komu allir menn úr flokknum sjer saman um að væri nægilegt, til að greiða úr þeim vanda, er um var að ræða. Um rökstuddu dagskrána munum við verða sammála, að því leyti, er atkvæðagreiðslan mun sýna.

Þórarinn Benediktsson: Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg greiði ekki atkv. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem fram er komin frá hv. þm. S.-Þ. (P. J.) Það er ekki af því, að jeg beri ekki fult traust til þess manns, sem jeg kaus í Velferðarnefndina. Hann átti ekki hlut að flutningi þeirra frumvarpa, frá mönnum í nefndinni, sem feld voru í Nd. í fyrradag, og sem hafa orðið þess valdandi, að meiri hluti nefndarinnar hefir sagt af sjer. Get jeg því vel samþykkt fyrri hluta dagskrártillögunnar.

Að því er siðara hlutann snertir, þá verð jeg að taka það fram, að jeg tel mjer það óviðkomandi að skora á þá menn að vera kyrra í nefndinni, sem jeg hefi aldrei í hana valið; það verða þeir að gjöra, sem þá hafa kosið. Get jeg því ekki greitt atkv. með þessari till., eins og hún liggur fyrir, vegna þess, að jeg er algjörlega ósamþykkur siðari hluta hennar.

Út af hinu marg umræddu atkvæðagr. í fyrrakvöld í Nd., vil jeg taka fram, að ekki vakti fyrir mjer, að móðga neinn,

heldur að eins það, að stytta slíku frumv. sem fyrst aldur, svo það tefði ekki tíma þingsins um of. Og það vil jeg enn fremur segja, að óþarft sýnist af nefndinni, að taka slíkt sem móðgun, þar sem frumv. var ekki betur úr garði gjört en það, að jafnvel flutningsmennirnir lýstu yfir því hver á eftir öðrum, að þeir væru ekki frv. fylgjandi. Jafnvel einn þeirra tók það skýrt fram, að hann væri frumvarpinu „algjörlega mótfallinn“.

Guðmundur Björnson: Við tveir Heimastjórnarmenn, sem í nefndinni vorum, hv. 2. þm. Rvk. (J. M.) og jeg, höfum nú orðið ásáttir um það, að taka aftur úrsögn okkar eftir áskorun flokksbræðra okkar. Heimastjórnarflokkurinn hefir vandlega íhugað þetta mál alt, og niðurstaðan hefir orðið sú, að ekki verði hjá því komist, að auka tekjur landssjóðs með einhverjum verðskatti á því, sem mest hefir stigið í verði. Það gagnar aldrei að sakast um orðinn hlut. Við ásökum engan, en afsökum ekki heldur neitt. En úr því, sem komið er, munum við sitja áfram í nefndinni, ef dagskrártill. verður samþykkt.

Sigurður Gunnarsson: Það er dálítill mismunur milli mín og sumra annara hv. þm., sem talað hafa, því að jeg get sagt það í mínu nafni, og okkar, þeirra sem í kosningasambandi vorum, þegar þessi nefnd varð til, að við berum fullkomið traust til *allra* þeirra, sem í hana voru kosnir, hverjum flokki sem þeir fylgja. Og hvað það snertir, sem hv. þm. V.-Skaft. (S. E.) var að tala um fyrirgefningarbón, þá vil jeg biðja hv. þingmann að leggja mjer ekki í munn orð, er jeg hefi aldrei talað. Hjer er enginn, nema hann, að tala um fyrirgefningarbón, en að hinu viljum vjer stuðla, að Velferðarnefndin fái að vinna áfram í friði, sú hin sama, er í upphafi var kosin. Jeg er algjörlega samp. háttv.

5. kgk. (G. B.) um það, að láta það liggja kyrt, sem orðið er.

Sigurður Eggerz: Hv. þm. Snæf. (S. G.) virtist hneykslast á því, að jeg hafði sagt líta svo á, sem hjer væri verið að biðja fyrirgefningar. Jeg býst nú við, að bæði þingmönnum og öðrum, sem hjer eru viðstaddir, þyki það nokkuð skritið, sem hjer fer fram, þar sem menn standa upp hver af öðrum og vitna og vitna, og um hvað vitna menn. Og hvað er það, sem er að gjörast og hefir gjörst? Nefndin hefir reiðst og sagt af sjer, en svo koma flokkarnir og biðja hana blessaða að taka það aftur. Þetta er regluleg „kómédia“. (Pjetur Jónsson: Er þá ekki Sjálfstæðisflokkurinn áhorfandi?) Hv. sessunautur minn (G. B.) sagði í þungum tón, að hann ætlaði ekki að vera að sakast um orðinn hlut, alveg eins og pabbinn segir við drenginn sinn, þegar hann hefir fyrst gjört sig líklegan til að refsa honum, en segist svo ætla að fyrirgefa honum vitleysuna í þetta sinn, þegar hann verður þægur og lofar að gjöra þetta aldrei oftar. Það dugir ekki að neita því, að nefndin hefir barið í borðið og hótáð að fara, og þá hafa flokkarnir risið upp og beiðst afsökunar. Sjálfstæðisflokkurinn er fyllilega samfærður um, að afskifti hans af málinu eru rjetmætt, og stendur því óskiftur fyrir utan fyrirgefningarbónina.

Hvar eru gögnin fyrir því, að nú þurfi yfirleitt nýja skatta? Það er ekki svo lítið fje, sem landið hefir nú yfir að ráða til matvörukaupa, ef í harðbakkann slægi, þar sem það á bæði inni 600 þús. kr. í Ameríku og svo á það líka að hafa handbæran gullforða Íslandsbanka, sem mun vera um 700 þús. kr. Annað mál er það, ef hæstv. ráðherra hefir leyft, að nokkur hluti hans sje geymdur í Kaupmannahöfn; þá gæti svo farið, að ekki yrði hægt að gripa til hans. Auk þess sparast nú landinu 400 þús. kr. hlutafjárútborgun til

Eimskipafjelags Íslands, fyrir þá sök, að strandferðaskipin urðu ekki byggð í ár, svo að við ættum að hafa nóg fje, ef vel væri á haldið. Jeg skal svo ekki segja meira. Jeg held að flestir sjái, að þetta er bara stór „komedia“, sem hjer er verið að leika.

Eggert Pálsson: Jeg var einn þeirra, sem greiddu atkvæði á móti frv. því, sem hjer er um að ræða, og það gjörði jeg af því, að mjer þótti það algjörlega rjett eftöllum málavöxtum. Mjer virtist heill þjóðarinnar krefjast þess, að spornað væri við því, að það frv. yrði samþykkt, og bið því ekki fyrirgefningar á því, enda liggur engin fyrirgefningarbón fölgín í dagskrá þeirri, sem fram hefir komið. Með dagskránni virðist mjer því sem jeg muni vel geta greitt atkvæði, því að þótt mjer líkuðu ekki frumvörp nefndarinnar, þá þurfti þar ekki að liggja í neitt vantraust til hennar yfirleitt. Það þarf ekki að vera af vantrausti til eins manns, þótt manni líki ekki alt, sem hann gjörir, þótt eitthvað komi frá honum, sem ekki er í fullu samræmi við það, sem maður mundi sjálfur helst hafa kosið. Enginn er óskeikull, og Velferðarnefndin þá ekki heldur. Í þessu máli hafði Velferðarnefndin sína skoðun og jeg mína. En þótt svo væri, að hún hafi haft aðra skoðun en jeg á þessu atriði, þá mun jeg samt geta lýst trausti mínu á nefndinni yfirleitt, með því að greiða mitt atkv. með dagskránni.

Jón Jónsson: Eins og menn muna, var hlutfallskosning við höfð, þegar þessi nefnd var kosin. Þess vegna virtist sem það ætti að nægja, að framsm. flokkanna lýstu yfir því, hver fyrir hönd síns flokks, að þeir bæru traust til þess manns eða þeirra, sem sá flokkur hefði valið, en svo virðist þó ekki vera. Hjer er komin fram till. um rökstudda dagskrá, sem er svo almennt orðuð, að þeir, sem hana sam-

þykkja, verða að skora á alla saman nefndina að vera kyrra. Þetta virðast mjer vera óþarfa firrur úr nefndinni, að krefjast slíkrar yfirlýsingar, og ekki til annars en að vekja sundrun. Þegar hlutfallskosning er, þá ber hver flokkur ábyrgð á sínum mönnum, en hinum ekki, og get jeg því ekki verið með þessu.

Björn Hallsson: Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. B.) hefir lýst yfir því, fyrir hönd þess flokks, sem jeg telst til, að atkvgr. um dýrtiðarfrv. á laugardaginn var ekki meint sem nein móðgun við nefndina, og get jeg fullkomlega tekið undir það með honum, enda voru menn úr öllum flokkum, nema ráðherraflokk, sem voru á móti frv., svo það var ekki flokksmál. En það vil jeg jafnframt taka fram, að jeg taldi mjer skylt að greiða svo atkv., sem jeg gjörði, af því að jeg áleit frv. bygt á röngum grundvelli, þar sem gjört væri ráð fyrir tolli með vissu auratali á hvert pund af vörunni, hvort sem hún væri í háu eða lágu verði. Þetta er svo bersýnilega ranglátt, þar sem tollurinn verður á þenna hátt tiltölulega miklu meiri þegar varan er í lágu verði, og kæmi þar af leiðandi mjög illa niður. Og auk þess taldi jeg það ekki verjandi, að fara að leggja á þjóðina nú mörg hundruð þús., eða allt að miljón kr. skatt, án þess að landsmenn eigi kost á að ræða slíka tollalögu. En þótt jeg væri á móti þessu frv., þá datt mjer ekki í hug, að þetta myndi verða tekið svo alvarlega, að nefndin segði af sjer fyrir það og teldi það móðgun gagnvart sjer. Hún hefði átt að geta sjeð það fyrir fram, hvernig þingið myndi taka slíku flauturssmiði og bjóða því ekki annað eins. Það var alt annað, ef hún hefði lagt fram frv., bygt á skynsamlegum ástæðum og forsendum, þannig, að tollurinn skyldi stíga og lækka, eftir því, sem varan hækkaði eða fjelli í verði (verðtollur), en ekki vera óbreytan-

legur, hvað sem því liði. Slíkt frv. hefði fremur verið þess vert að taka það til athugunar. Auk þess var engin ástæða til þess að leggja á svo háan toll, til þess að bæta úr neinni neyð, því að sem betur fer, sje jeg ekki, að hún sje til enn sem komið er. Annað mál er það, hvort ekki þurfi að sjá einhvern veg til að auka tekjur landsins, til þess að bæta úr fyrir-sjáanlegum tekjuhalla fjárlaganna og skakkaföllum, sem verða kunna af væntanlegum vörukaupum landssjóðs, en ekki skifta slíkum tollálögum upp, sem bitling til einstakra parta landsins, ef til vill án þess bein þörf krefði.

Jeg talaði ekkert um kvöldið, þegar frv. var felt, en get tekið undir með formanni flokks míns um það, að jeg óska að fulltrúi okkar í nefndinni, háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.), haldi áfram að starfa þar. Um dagskrártill. er það að segja, að jeg er fyllilega sammála háttv. slutnm. um fyrri hluta hennar, og þó að jeg áliti, að við það hefði mátt sitja, að hver flokkur um sig hefði lýst trausti á þeim, sem hann hafði kosið í nefndina, þá mun jeg samt ekki setja það fyrir mig, en greiða atkv. með henni í heild sinni. Það var ekki meining mín, að stuðla að neinni móðgun gagnvart nefndinni eða hæstv. ráðherra, heldur að eins að greiða atkv. eins og mjer þótti skyldan bjóða; en hins vegar er langt frá því, að jeg þurfi eða gjöri að biðja nokkurn fyrirgefningar vegna atkv. míns í þessu máli.

Bjarni Jónsson: Jeg vil geta þess, sem enginn hefir enn tekið fram, að þegar þessi nefnd var kosin, þá var það endanleg kosning, sem ekki verður breytt, fyrr en á næsta þingi, og þess vegna getur nefndin ekki sagt af sjer starfi sínu.

Annað atriðið, sem jeg ætla að minnst á, er móðgun sú, sem sagt var að nefndin teldi sjer sýnda, eða svo skildi jeg háttv. þm. S.-Þ. (P. J.). Jeg hygg nú,

að hún geti varla talið það móðgun við sig, þótt þm. greiði atkv. um mál eftir sannfæringu sinni, en eigi eftir því, sem hún vill vera láta. Og þegar hún vill segja af sjer út af þessu, þá hefði hún að vísu nokkra afsökun í því máli, ef hún hefði sagt til þess fyrir fram, hvað hún teldi við liggja, ef frv. fjelli, en enga, er hún hleypur þannig upp á nef sjer eftir eftir á. Stjórnir eru ekki vanar að hegða sjer svo, nema þær hafi gjört við vart fyrir fram, enda sje jeg, að núverandi stjórn vorri dettur ekki í hug að segja af sjer fyrir þessar sakir. En ef ástæða var til fyrir nefndina að taka málinu svo alvarlega, þá var þó því meiri ástæða til þess fyrir stjórnina, en hún hefir nú ekki gjörst svo hátiðleg. — Í þriðja lagi þykir mjer það kynjum sæta, að svo mikið veður skuli vera af gjört, jafnvel þótt frv. sje felt frá nefnd. Jeg þykist nú líka sjá það, að háttv. nefndarmenn þykjast nú þegar hafa verið heldur til bráðlátir, þar sem þeir eru óðum að sjá sig um hönd. Jeg skal svo engan þátt eiga í þessu frekar, annan en þann, að vera á móti dagskránni, því að jeg tel ekki þörf að skora á mennina að gjöra það, sem þeim er skylt, að vera kyrrir í nefndinni.

Þorleifur Jónsson: Mjer þykir undarlegt, að þessi dagskrá skuli vera fram komin, þar sem farið er fram á það, að allir lýsi yfir því, að þeir skori á alla þá, er í nefndinni voru, að vera þar áfram. Jeg verð að taka undir með háttv. þm. Dal. (B. J.) um það, að jeg álit það mikið vafamál, að nefndinni sje það heimilt að segja af sjer alveg upp úr þurru, því jeg verð að álita, að ekki hafi farið fram nein sú móðgun við hana, er gæfi ástæðu til slíks. Að minsta kosti var það ekki tilgangur þeirra manna, sem feldu skattafrv. hennar, að sýna henni með því neitt sjerstakt vantraust. Jeg vil fyrir mitt

leyti lýsa yfir því, að jeg ber fult traust til þess flokksmanns míns, sem jeg hefi kosið í nefndina, en hins vegar get jeg ekki verið með svona dagskrá, þar sem á að tjóðra alla flokka saman. Það er ekki oft, sem slíkt tekst, og jeg býst ekki við að andvigir flokkar treysti svo vel hver öðrum, að það sje ráðlegt. Það er gott, ef það er hægt, en jeg vil nú að svo stöddu að eins lýsa trausti mínu á þessum manni, sem mjer kemur við, og álit að það hafi verið ástæðulaust af honum, að fara að segja af sjer. Og sama má auðvitað segja um nefndina alla, að þeir þurftu ekki að fara, þótt þetta marg umtalaða skattafrv. væri felt.

Jósef Björnsson: Jeg skal leyfa mjer að vikja að því, að þar sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sagði, að það hefði verið heimildarlaust fyrir nefndina að segja af sjer, þá tel jeg það vafalaust, að hún hafi fulla heimild til þess, eins og hver önnur nefnd, að leggja niður starf það, er hún hefir verið valin til, og hjer er ekki um annað að ræða.

Jeg ætla ekki að tala um neina móðgun, hvorki í minn garð nje annara nefndarmanna, því jeg lit ekki svo á, að jeg hafi orðið fyrir neinni móðgun, og leit ekki svo á, að við þyrftum að fara þeirra hluta vegna. En þó tel jeg okkur hins vegar hafa gjört rjett í þessu, því að jeg hafði að minsta kosti heyrt, að sumir hv. þm. væru ekki svo ánægðir með aðgjörðir nefndarinnar, að ekki væri rjett að gefa hverjum flokki fyrir sig tækifæri til þess að velja um menn í hana af nýju, ef þeim sýndist svo. Af þessum ástæðum sagði jeg af mjer, en með því að bæði hv. formaður flokks míns og fleiri hafa óskað þess, að jeg taki við starfinu aftur, þá lýsi jeg hjer með yfir því, að jeg mun gjöra það, ef dagskrá sú, sem hjer liggur fyrir, verður samþykkt.

Sveinn Björnsson: Út af því, sem hv. þm. Dal. (B. J.) hjelt fram, að nefndin gæti ekki sagt af sjer, og að það væri því ólöglegt, sem við höfum nú gjört, þá vil jeg fyrir mitt leyti mótmæla því algjörlega. Jeg álit, að það sje engum vafa undirorpið, að slík nefnd, sem kosin er til að starfa á milli þinga, eða einstakir meun í nefndinni, hljóti að hafa fullkomnið leyfi til þess, að segja af sjer, ef þeir geta ekki, einhverra hluta vegna, haldið áfram starfi sínu, enda eru til fordæmi fyrir því í sögu þessa lands, og ekki langt á að minnast. Og ekki ætti það síður að eiga við um þessa nefnd, en aðrar, þótt ekki þiggi hún laun fyrir starfsitt. Annars skal jeg taka það fram, að svo stendur á með mig, að þeir, sem kusu mig í nefndina, áttu engan þátt í meðferð þeirri, sem frv. hennar varð fyrir um daginn, og þarf jeg því ekkert yfir þeim að klega. En eins og þá var komið, þar sem svo var að sjá, sem mikill meiri hluti háttv. Nd. hefði óþökk á starfi nefndarinnar, þá áleit jeg þó hins vegar sjálfsgagt, að hún sæti ekki lengur að því.

Nú horfir málið svo við, að þeir, sem mig kusu í nefndina, líta svo á, að heppilegra sje að skifta ekki um menn í nefndinni, og hafa því óskað eftir því, að jeg yrði áfram í henni. Jeg hefi af þessum ástæðum gengið inn á að vera kyrr í nefndinni og taka aftur úrsögn sína, svo framarlega sem þessi dagskrá verður samþykkt, svo leitt sem mjer þó þykir að sitja þar í óþökk nokkurs háttv. þingmanns.

ATKVGR.:

Rökst. dagskráin frá þm. S.-Þ. (P. J.), sjá A. 725, samp. með 23: 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

<i>Já:</i>	<i>Nei:</i>
Magnús Pjetursson,	Benedikt Sveinsson,
Sigurður Stefánsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Þorláksson,	Guðm. Eggerz,

Velferðarnefnd: Úrsögu fjöggra nefndarmanna. — Þingfararkaupsnefnd.

já:
Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,
Einar Jónsson,
Eiríkur Briem,
Guðm. Hannesson,
Guðm. Ólafsson,
Hannes Hafstein,
Jóhann Eyjólfsson,
Jón Þorkelsson,
Karl Einarsson,
Magnús Kristjánsson,
Matthias Ólafsson,

nei:
Hákon Kristófersson,
Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,
Sigurður Eggerz,
Þorleifur Jónsson,
Þórarinn Benediktss.

já:
Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,
Sigurður Gunnarsson,
Sigurður Sigurðsson,
Stef. Stefánss., 3.kgk.,
Stefán Stefánss. Eyf.,
Steingrímur Jónsson.
Guðm. Björnson, Jón Magnússon, Jósef
Björnsson, Skúli Thoroddsen og Sveinn
Björnsson greiddu ekki atkvæði, og tók
forseti það gilt.
Einn þm. fjarstaddur.

II.

Þingfararkaupsnefnd.

Á 5. fundi í Sp., laugardaginn 11. septbr.,
var samkvæmt dagskránni tekið fyrir:
*Kosning nefndar til að úr-
skurða þingfararkaupsreikninga alþing-
manna, samkvæmt 4. gr. laga nr. 10,
22. okt. 1912.*

Kosnir voru að viðhafðri hlutfallskosn-
ingu þeir
Ólafur Briem,
Sigurður Stefánsson,
Magnús Kristjánsson,
Karl Einarsson,
Guðm. Eggerz.

III.

Verðlaunanevnd „Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar“.

Á 5. fundi í Sp., laugardaginn 11. sept., var fyrir tekið, samkvæmt dagskránni:

Kosning 3 manna nefndar, til að dæma rit til verðlauna af „Gjafasjóði Jóns Sigurðssonar“.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hafi verið þegar á öndverðu þingi, í báðum deildum:

A. Skýrslu um Gjög Jóns Sigurðssonar frá 1. jan. 1913 til 31. des. 1914.

B. Skýrslu frá verðlaunanevnd „Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar“, hvorttveggja á þgskj. 159.

Eftir að fram var komin ósk frá allmörgum þingm. um að við hafa hlutfallskosningu, úrskurðaði forseti, að svo skyldi gjört, og hlutu þessir kosningu:

próf. dr. *Björn M. Olsen*,
dr. phil. *Jón Þorkelsson* og
docent *Jón Jónsson*.

IV.

Yfirskoðunarmaður Landsbankans.

Á 6. fundi í Sp., mánudaginn 13. september, var samkvæmt dagskránni tekið fyrir:

Kosning yfirskoðunarmanns Landsbankans fyrir tímabilið frá 1. janúar 1916 til 31. desember 1917.

Kosningu hlaut

Jakob Möller ritstjóri
með 24 atkvæðum.

Auk hans hlaut Benedikt alþingismaður Sveinsson 15 atkv.

V.

Bankaráðsfulltrúar.

Á 6. fundi í Sp., mánudaginn 13. september, var fyrir tekið samkvæmt dagskránni:

Kosning tveggja manna í bankaráð Íslandsbanka, annars til að mæta á aðalfundi bankaráðsins 1917, 1918 og 1919, og hins á aðalfundi þess 1918, 1919 og 1920.

Kosningu fyrir fyrra tímabilið (1917—1919) hlaut

Stefán Stefánsson skólameistari með 19 atkv.

Auk hans hlutu þeir Jóhann alpm. Eyjólfsson, Sigurður prófastur Gunnarsson og Hannes bankastjóri Hafstein 1 atkv. hver. 15 seðlar voru auðir og 2 ógildir.

Kosningu fyrir síðara tímabilið (1918—1920) hlaut

Sigurður Gunnarsson prófastur með 20 atkv.

Auk hans hlaut Ólafur ritstjóri Björnsson 2 atkv. og Einar alpm. Jónsson 1 atkv. 16 seðlar voru auðir.

VI.

Yfirskoðunarmenn Landsreikninganna.

Á 6. fundi í Sp., mánudaginn 13. september, var tekið fyrir samkvæmt dagskránni:

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna Landsreikninganna fyrir árin 1914 og 1915.

Guðmundur Björnson: Jeg vil leyfa mjer að biðja um hlutfallskosningu.

Skúli Thoroddsen: Jeg stend að eins upp til þess, að *mótmæla* því, að kosnir sjeu í sameinuðu Alþingi þeir 3 landsreikninga-yfirskoðunarmenn, sem dagskráin ræðir um, þar sem nýja stjórnarskráin, er þessi kosning er samkvæm, gengur *ekki* í gildi, fyrr en hún hefir verið birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

En þar sem gamla stjórnarskráin er því enn í fullu gildi, og þar sem það, samkvæmt henni, er *rjettur* og *skylda* hvorrar þingdeildarinnar um sig, að kjósa sinn yfirskoðunarmannin hvor deildin, *þá verður að fara eftir henni, meðan hún er enn í gildi.*

Jeg mótmæli því þessari kosningu, og tek ekki þátt í henni.

Forseti: Jeg lit svo á, að þótt hin nýja stjórnarskrá sje ekki gengin í gildi, þá yrði það þó nauðsynlegt að kjósa þessa menn nú. Jafnskjótt og hún gengur í gildi, á að vera búð að kjósa þessa þrjá menn, og sá undirbúningur verður að fara fram hjer. Með þetta fyrir augum tók

jeg málið á dagskrá, en ef meiri hluti hv. Alþingismanna óskar að það sje tekið af dagskrá, skal jeg verða við þeirri ósk.

Ráðherra: Það er vitanlega rjett hjá hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að nýja stjórnarskráin er enn ekki gengin í gildi. En þar fyrir er ekki rangt að láta þessa kosningu fara fram, því að þegar stjórnarskráin gengur í gildi, þarf að vera búið að kjósa mennina. Hjer er að eins að ræða um óhjákvæmilega ráðstöfun, til þess að lifað verði eftir stjórnarskránni nýju, þegar hún öðlast gildi.

Skúli Thoroddsen: Jeg vil benda á, að það knýr *alls engin* nauðsyn til þess, að kjósa þá nema einn „revisoranna“ í sameinuðu Alþingi, þar sem skylt er að fara að ákvæðum núgildandi stjórnarskrár, að því er yfirskoðunarmenn snertir, og þótt þessi virðulega samkoma samþykki að kjósa nú 3, þá er það lagabrot, og að fremja lagabrot er ekki rjett.

Bjarni Jónsson: Jeg sje engan mun á þessu, sem um er deilt, ef það er rangt að kjósa einn mann, þá er jafnrangt að kjósa þrjá.

Hannes Hafstein: Jeg er á sama máli og hv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.). Jeg álit ekki heimilt að kjósa nú eftir hinni nýju stjórnarskrá. Þótt hún hefði gengið í gildi þegar eftir þing í fyrra, sá enginn þá ástæðu til þess að fara að kjósa 3 menn. Það sá enginn þá, að til þess bæri nauðsyn, fyrr en hin nýja stjórnarskrá væri gengin í gildi. (*Bjarni Jónsson:* Hin nýja stjórnarskrá var þá ekki búin að öðlast staðfestingu, svo að það er alt annað).

Förseti: Það getur þó ekki verið lögleg nema listakosning, og þess vegna er ekki hægt að kjósa 1 mann í sameinuðu þingi. Annað hvort verður að kjósa þrjá, eða taka málið út af dagskrá. Jeg skal leyfa mjer að bera það undir háttvirt Alþingi.

ATKVGR.:

Felt að taka málið út af dagskrá með 25 : 14 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:

nei:

Sigurður Stefánsson,	Magnús Pjetursson,
Eggert Pálsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Björn Hallsson,
Guðm. Björnson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Hannesson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Einar Arnórsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Eggerz,
Karl Finnbogason,	Guðm. Ólafsson,
Magnús Kristjánsson,	Hákon Kristófersson,
Pjetur Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Sigurður Gunnarsson,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Stefán Stefánss. Eyf.,	Jón Þorkelsson,
	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Ólafur Briem,
	Stef. Stefánss., 3. kgk.
	Steingr. Jónsson.

Þessir þingmenn greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans: Matthías Ólafsson, Sigurður Eggerz, Sigurður Sigurðsson og Sveinn Björnsson.

Voru þá kosnir með hlutfallskosningu þessir menn yfirskoðunarmenn Landsreikninganna fyrir árin 1914 og 1915:

Benedikt Sveinsson alþingismaður,
Matthías Ólafsson alþingismaður og
Guðmundur Hannesson prófessor.

Þinglausnir.

Að lokinni dagskrá á 8. fundi samein-
aðs Alþings, miðvikudaginn 15. september,
að öllum þingmönnum viðstöddum, nema
þm. Borgfirðinga (H. S.), er farinn var
heim af þingi, mælti

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að skýra
háttv. alþingismönnum frá því, er gjörst
hefir á þessu þingi.

Stjórnarfrumvörp voru lögð 22 fyrir
þingið; þar af hafa 20 verið afgreidd
sem lög og 2 vísað frá með rökstuddri
dagskrá.

Þingmannafrumvörp komu fram 75; þar
af hafa 38 verið afgreidd sem lög, 26
verið feld, 5 tekin aftur og 6 óútrædd.

Það hafa því verið borin fram á Alþingi
að þessu sinni 97 lagafrumvörp af stjórnar-
innar hálfu og þingmanna, og alls hafa
verið afgreidd frá þinginu til ráðherra
58 lög.

Þingsályktunartillögur hafa 35 verið
bornar fram. Þar af voru 11 um skipun
nefnda, 15 samþykktar og afgreiddar til
ráðherra, 7 feldar og 2 teknar aftur.

Fyrirspurnir til ráðherra hafa 7 verið
bornar fram.

Rökstuddar dagskrár hafa 23 verið
bornar undir atkvæði. Þar af voru 13
samþykktar, en 10 feldar.

Störfum Alþingis er þá lokið að þessu
sinni.

Eins og skýrsla sú ber með sjer, sem
jeg nú las, hefir þingvinnan ekki verið
venju minni.

Að öðru leyti liggja störf þingsins undir
dóm þjóðarinnar. Nú fara í hönd, sam-
kvæmt hinni nýju stjórnarskrá, kosningar,
áður en þing á aftur að koma saman, og
mun þá fjöldi nýrra kjósenda njóta nýfeng-
inna rjettinda til að eiga hlut að málum
landsins.

Mest um varðandi starfið hefir verið
meðferð tjárlaganna, og hefir eðlilega gætt
tilhneigingar hjá þinginu að fara varlega
á þessum erfirðu viðsjártímum.

Þegar vjer skildum á síðasta þingi, var
það orðið alvarlegt umhugsunarefni þings-
ins, að land vort væri ekki alsendis
óviðbúið afleiðingum heimsstyrjaldarinnar,
sem þá var byrjuð.

Á þessu þingi hafa ráðstafanir í sömu
átt tekið allmikið af starfi og tíma þingsins.
Hversu vel það hefir tekist, verður tíminn
að leiða í ljós.

Eitt er vist, að þegar hinum mikla ófriði
lykur, sem enn geysar, þá munu verða
miklar byltingar í álfi vorri, og ný skipun
á ýmsu í þjóðarjetti.

Af þess konar byltingum hefir öldum
skolað áður upp að ströndum fósturjarðar
vorrar, og má vera að svo verði enn.

Þá er það sameiginleg bæn vor allra,
að drottinn verndi fósturjörð vora og gefi
henni fulltrúa, sem bera gæfu til að vaka
yfir rjettindum hennar og stýra undan
áföllum heill og hagsmunum hennar.

Drottinn blessi fósturjörð vora.

Tóku þingmenn undir orð forseta með
því að standa allir upp.

Ráðherra: Með því að lögmæltur þingtími er nú liðinn, og eigi þykir ástæða til þess, að framlengja það frekar en orðið er, þá lýsi jeg því hjer með yfir í nafni og umboði Hans hátignar konungsins, að þessu 26. löggjafarþingi Íslendinga er slitið.

Sigurður Stefánsson: *Lengi lifi Hans hátign Kristján hinn Tiundi konungur vor!*

Tóku þingmenn undir það með níföldu húrra.

Var síðan af þingi gengið.
